

Héraðssamband Þingeyinga



Ársskýrsla 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Ávarp formanns	3
Stjórn, nefndir og ráð HSP 2023-2024	3
Skýrsla stjórnar	4
Ársreikningar	6
Skýrslur ráða, nefnda og sjóða	12
Frjálsíþróttaráð	12
Unglingalandsmót UMFÍ	13
Verkefna- og styrktarsjóður HSP	13
Lottótölur HSP	14
Iðkendatölur HSP	15
Aðildarfélög HSP	15
Starfsskýrslur aðildarfélaga	16
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	16
Golfklúbbur Húsavíkur	16
Golfklúbbur Mývatnssveitar	18
Golfklúbburinn Gljúfri	18
Golfklúbburinn Lundur	18
Hestamannafélagið Feykir	18
Hestamannafélagið Grani	19
Hestamannafélagið Snæfaxi	19
Hestamannafélagið Þjálfí	19
Íþróttafélagið Magni	20
Íþróttafélagið Völsungur	21
Íþróttafélagið Þingeyingur	25
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	26
Skákfélagið Goðinn	27
Skotfélag Húsavíkur	28
Skotíþróttafélag Norðurlands	28
Ungmennafélagið Austri	28
Ungmennafélagið Bjarmi	29
Ungmennafélagið Efling	29
Ungmennafélagið Einingin	30
Ungmennafélag Langnesinga	31
Heiðranir UMFÍ, ÍSÍ og HSP	32
Íþróttamaður ársins (frá upphafi)	33
Íþróttamenn ársins 2023	34
Lög HSP	35
Verkefna- og styrktarsjóður HSP	39

Þökkum styrktaraðilum okkar stuðninginn á árinu 2023



NORÐURÞING



Þingeyjarsveit



Langanesbyggð



Tjörneshreppur

Ávarp formanns

Ágætu félagar

Það eru umhleyppingar í íþróttahreyfingunni sem vonandi lýkur með sólskini og blíðu. Á síðastliðnu ári voru tekin gríðarstór framfaraskref fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni þegar úthlutunarreglur ÍSí og UMFÍ á lottótekjum voru samræmdar. Nú verður lottói frá þeim úthlutað eins til allra aðila og byggir sú úthlutun á fjölda íbúa sem eru 18 ára og yngri.

Loksins, segja margir og flestir þeirra eru þá að hugsa nokkur ár fram í tímann og líta til þess að íþróttahreyfingin, skipulag hennar og umgjörð verði betri, nútímalegri. Fæstir sem hrópa húrta eru að því vegna þess að fleiri krónur renna nú í þeirra vasa úr lottósjóðum. Því þeir átta sig á að kakan er jafnstór, aðrir munu fá minna.

HSP er eitt þessara héraða sem nýtur útdeilingu úr sjóðum beggja, UMFÍ og ÍSí. Íþróttabandalög sem voru aðilar að UMFÍ fengu ekki krónu þaðan, menn geta spurt sig að því hvort það hafi verið sanngjarnt? Nú fá allir aðilar innan UMFÍ og ÍSí lottó sem er í sjálfu sér frábært en samt ekki.

Af hverju er það ekki frábært?, spyrja menn þá, jú því við erum nefnilega fámenn og ljóst að lottótekjur HSP munu rýrna um nálægt helming sem frá var, m.v. uppgefnar forsendur. Á hinn bóginn er þó verið að sækja meira fé til íslenska ríkisins fyrir íþróttahreyfinguna. Þannig það er samt verið að stækka kökuna. Og það er verið að setja á fót Hvatasjóð, þar sem félög geta sótt auka fjármagn vegna þeirra verkefna sem þau sinna fyrir samfélagið og sveitarfélögin. Íþróttahreyfingin hefur í árhrundað keyrt á framlagi sjálfboðaliða. Okkar nútími er ekki alveg þar.

Já það eru umhleyppingar - ekki í veðurfarslegum skilningi, heldur peningalegum skilningi. Til þess að fá meira, þarf fyrst að fá minna. Peningarnir sem koma frá ríkinu ásamt hluta af heildar lottótekjum UMFÍ og ÍSí er settir í að reka svæðisskrifstofur sem verða átta talsins og með 16 starfs-

menn, tvo á hverri starfsstöð. Ég sé ekki hvernig það mun hjálpa okkur með grasrótarstarfið að setja peninga í þessar starfsstöðvar frekar en að nota peningana heima í héraði. Eitt af hlutverkum þessara starfstöðva er að fjölga iðkendum og hugmyndin sú að fleiri iðkendur munu skila meiri tekjum til íþróttafélaganna, en staðan hér á okkar svæði er sú að við höfum ekki nógu mörg börn sem ekki eru iðkendur nú þegar til að bæta upp fyrir þetta fjárhagstap sem félögin verða fyrir. Því hef ég áhyggjur af því að þessi aðgerð muni hafi í för með sér fækkun iðkenda hér hjá okkur þar sem æfingagjöld þurfa að hækka töluvert til að vega upp á móti skertum lottótekjum. Staðreyndin er sú að við teljumst seint til hátekjusvæðis þannig að foreldrar munu einfaldlega ekki geta staði' straum af hækkunum æfingagjalda og stór fyrirtæki á svæðinu eru mjög fá og því engir vasar til að sækja meira fé í en nú þegar er. Verður þessi Hvatasjóður sem á að stofna yfirfullur af peningum sem við getum sótt í og þannig bjargað grasrótinni?

En öllum umhleyppingum lýkur um síðir og þá birtir upp og sólin fer að skína sínu skærasta, það er einlæg von mín að svo verði einnig í þetta skiptið.



Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2023-2024

Stjórn

Formaður:	Jón Sverrir Sigtryggsson
Varaformaður:	Sigfús Hilmi Jónsson
Ritari:	Hulda Þórey Garðarsdóttir
Gjaldkeri:	Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson
Meðstjórnandi:	Jónas Halldór Friðriksson
Varamenn í stjórn:	Dagbjört Aradóttir Héðinn Björnsson

Skoðunarmenn reikninga 2023

Gunnhildur Stefánsdóttir
Hrafnhildur Geirsdóttir
Til vara: Steinunn Ósk Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri: Gunnhildur Hinriksdóttir

Skýrsla stjórnar HSP 2023-2024

Starf stjórnar HSP var með lægðum sl. starfsár. Stjórnin hefur þó fundað fimm sinnum frá síðasta ársþingi þegar þetta er ritað en ekki hefur verið farið í nein afgerandi verkefni eða mál. Þó er ýmislegt í farveginum innan ípróttahreyfingarinnar, m.a. vegna breytinga og samræmingar á úthlutunarreglum lottós hjá ÍSÍ og UMFÍ og stofnunar svæðisskrifstofa.

Ársþing HSP 2023 var starfsamt og gott. Formaður stjórnar var endurkjörinn og ný í stjórn voru kjörin þau Hulda Þórey Garðarsdóttir og Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson til tveggja ára. Varamaður til tveggja ára var kjörinn Héðinn Björnsson. Töluverðar breytingar á fjölda aðildarfélaga HSP voru samþykktar á þinginu, en sex félög sem hafa verið óvirk a.m.k. undanfarin þrjú ár (hvorki haldið aðalfundi, skilað skýrslum til ípróttahreyfingarinnar né haldið úti öðru starfi) voru skráð úr sambandinu. Þetta eru félögin Umf. Snörtur, Umf. Öxfirðinga, Umf. Tjörnesinga, Umf. Afturelding, Umf. Gaman og alvara og Umf. og íf. Bakkafjarðar. Var þetta í samræmi við lög HSP um skyldur aðildarfélaga. Breytingar voru gerðar á reglugerð verkefna- og styrktarsjóðs HSP þar sem reglur voru gerðar skýrari og þannig meira lýsandi fyrir alla aðila. Samhliða því var skipuð nefnd sem starfaði að loknu þingi og lagði fram tillögur að vinnuviðmiðun fyrir sjóðsstjórn. Fleiri reglugerðarbreytingar voru samþykktar þegar reglugerð um kjör ípróttamanns HSP var uppfærð og ferlið við kosningu ípróttamanns ársins gert opnara. Í ár verður aðildarfélögum í fyrsta sinn gefinn kostur á að taka þátt í kosningunni.

Ársþingið samþykkti breytingar á lögum HSP, aðallega kafla IV um aðildarfélög og skyldur þeirra. Nýjum aðildarfélögum er nú skylt að senda stofnfundargerð með aðildarumsókn auk þess sem stofnfundir félaga þurfa að vera auglýstir á sannanlegan hátt. Þá eiga félög að halda aðalfundi eins og lög þeirra gera ráð fyrir og senda HSP aðalfundarboð ásamt því að skila afriti af fundargerð aðalfundar og ársreikningum félagsins til HSP. Er þetta gert til þess að auðvelda eftirlits-skyldu HSP og stjórn sé betur upplýst um starf aðildarfélaga. Þá var bætt í löginn viðurlögum gagnvart því ef félög halda ekki aðalfundi eða standa skil á skýrslum og ársþingi HSP gert skylt að skrá félög úr sambandinu standi þau ekki skil tvö ár í röð.

Nokkrir aðilar voru sæmdir viðurkenningum fyrir störf sín innan aðildarfélaga HSP eða stjórn HSP á ársþinginu. Birgir Mikaelsson SH hlaut starfsmerki UMFÍ fyrir störf sín í þágu Skotfélags Húsavíkur og Jónas Egilsson, fyrrum formaður HSP, hlaut silfurmerki HSP fyrir framlag sitt til ípróttamála innan HSP. Gullmerki HSP fengu þeir Björn Ingólfsson og Heimir Ásgeirsson fyrir störf sín og framlag til ípróttahreyfingarinnar hjá Magna og HSP sem spannar nokkra áratugi. Þá var kjöri ípróttamanns HSP lýst á þinginu en ípróttamaður HSP 2022 var kjörin blakkonan Heiðís Edda Lúðvíksdóttir, Völsungu.

Verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra á þessu ári snerust mikið um að staðfesta uppfærð lög aðildarfélaga HSP, verkefnasjóðinn, siðareglur og brot á lögum og ýmis önnur mál.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi og þó svo að titlarnir séu e.t.v. meira skraut en raunverulegt hlutverk, fyrir utan formann, þá hélt Sigfús Hilmir áfram sem varaformaður, Hulda Þórey fékk hlutverk ritara, Sigurbjörn Veigar hlutverk gjaldkera og Jónas Halldór hlutverk meðstjórnanda, Jón Sverrir var kjörinn formaður.

Félög voru dugleg að uppfæra lög sín á sl. ári (GH, Þjálfí, UMFL, SH, Goðinn, SÍN) og voru þau staðfest af stjórn HSP utan ein. Lögin hafa öll verið send inn til staðfestingar hjá ÍSÍ (utan lög Goðans en ÍSÍ staðfestir ekki lög skákfélaga). Enn er beðið eftir staðfestingu af hálfu ÍSÍ og bíða fleiri lög aðildarfélaga HSP staðfestingar. Dómur féll í máli hjá Dóms-tólum ÍSÍ þar sem stjórn aðildarfélags HSP hafði neitað fólki aðild að félaginu. Stjórn félagsins var ekki heimilt að neita mönnum um félagsaðild. Ekki er ljóst hvort HSP hafi heimildir eða úrræði til þess að taka á þessu broti.

Fulltrúar frá HSP sátu bæði ípróttapiing ÍSÍ í maí og sambandsþing UMFÍ í október. Stærstu málin sem samþykkt voru á þeim þingum voru samræmdar úthlutunarreglur lottó frá UMFÍ og ÍSÍ og samhliða samþykkt stofnunar átta svæðisskrifstofa um landið með tveimur starfsmönnum sem eiga að styðja við ípróttahéruðin. Varnagli á þessum samþykktum var þó að ríkið kæmi að borðinu með fjárstuðningi inn á þessar svæðisskrifstofur og gekk það í gegn nú fyrir áramótin. Þessar breytingar munu hafa áhrif á lottóúthlutun til HSP vegna þess að nú fá öll ípróttahéruð (héraðssambönd og ípróttabandalög) sem eru aðilar að UMFÍ úthlutað lottói úr potti UMFÍ. Auk þess renna 15% af lottótekjum ÍSÍ og UMFÍ til þessara svæðisskrifstofa og í nýjan Hvatasjóð sem ætlaður er til stuðnings ípróttastarfi. Þannig er fyrirsjáanlegt að úthlutun lottós til HSP mun minnka um u.þ.b. 35-45% skv. kynningum. Samkvæmt svæðaskiptingunni er HSP á starfssvæði með ÍBA, UÍF og UMSE og hefur framkvæmdastjóri HSP setið í vinnuhóp hjá ÍSÍ sem er ætlað að koma með lýsingar á hlutverkum og verkefnum þessara svæðisskrifstofa. Ljóst er að þarfir hvers svæðis eru ólíkar og ekki einfalt að búa til starfs- og verkefnalýsingu sem gildir eins fyrir öll svæðin.

Af öðrum verkefnum má nefna að framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við forsvarsmenn Íslenskra getrauna sem höfðu áhuga á því að kynna getraunastarfið fyrir áhuga-

	30.mars 2023	8.júní 2023	1.okt. 2023	27.nóv. 2023	29.feb. 2023
Mæting stjórnarmanna á stjórnarfundum					
Jón Sverrir Sigtryggsson	X	X	X	X	X
Sigfús Hilmir Jónsson	X			X	X
Jónas Halldór Friðriksson	X	X	X	X	X
Hulda Þórey Garðarsdóttir	X	X	X	X	
Sigurbjörn V. Friðgeirsson	X	X	X	X	X
Dagbjört Aradóttir		X			
Héðinn Björnsson					
Gunnhildur Hinriksdóttir	x	x	x	x	x



sömum félögum innan héraðsins. Ekki hefur tekist að koma á slíkri kynningu enda starfssvæðið stórt. Fjögur af fimm sveitarfélögum sem HSP nær yfir hafa samþykkt að greiða hlut sinna félaga í notkun Sportabler fyrir félagastarfið og nú er bara að koma því í gang. Stjórn HSP samþykkti að niðurgreiða þátttökugjald HSP-félaga á Unglingalandsmót um 45% (4.005 kr.) og hvetjum við félagsmenn eindregið til þess að taka þátt í þessum mótum.

Framkvæmdastjóri fékk það hlutverk að koma á samtali milli félaga sem stunda frjálsíþróttir og knattspyrnu skv. samþykktum ársþings. Samtalið hefur farið af stað að einhverju leyti milli félaga sem stunda frjálsíþróttir en hefur ekki enn komist í gang milli félaga sem stunda knattspyrnu en þessar tvær greinar voru settar í forgang af stjórn HSP og samtal milli annarra greina átti að hefja síðar. Það hversu rólega þetta hefur farið af stað lýsir e.t.v. best viðkvæmri stöðu sjálfbóðaliða og stjórnarfólks að þau hafa takmarkaðan tíma aflögu og verða að verja honum vel.

Það verður forvitnilegt að sjá hvort og hvernig nýr veruleiki með svæðisskiptingum og svæðisskrifstofum mun hafa áhrif á íþróttastarf innan héraðs og framtíð íþróttamála. Félög af sambandsvæði HSP hafa sum hver átt í góðu samstarfi við félög innan ÍBA, UÍF og UMSE til að mynda, sum hver til einhverra ára jafnvel. Þó eru væntanlega enn í gildi áhyggjur

þingfulltrúa frá þinginu 2022 að stækkun svæðisins væri mögulega hættuleg, að minni félög myndu týnast og við þyrftum frekar að efla og auka samstarfið innan héraðsins. Í dag er t.d. tækifæri, tölum saman því framtíðin er okkar.



Héraðssamband Þingeyinga

Ársreikningur 2023

Áritun stjórnar HSB

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2023. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2023 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2023 ásamt skýringum. Undirrituð, fyrir hönd stjórnar Héraðssambands Þingeyinga, staðfestum hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023.

Í mars 2024,

Stjórn HSB

Jón Sverrir Sigtryggsson [sign]

Sigfús Hilmir Jónsson [sign]

Jónas Friðrik Halldórsson [sign]

Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson [sign]

Hulda Þórey Garðarsdóttir [sign]

Framkvæmdastjóri

Gunnhildur Hinriksdóttir [sign] *Gunnhildur Hinriksd.*

Áritun skoðunarmanna

Undirritaðar, skoðunarmenn Héraðssambands Þingeyinga, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2023. Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Mývatnssveit 23.02'24

Staður og dagsætning

Gunnhildur Stefánsdóttir

Hrafnhildur Geirsdóttir

Rekstrarreikningur 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	1	20.869.725	19.729.540
Aðrar tekjur	2	1.551.000	1.592.500
		22.420.725	21.322.040

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	3	5.056.460	3.738.875
Laun og launat.gj. Æfum alla ævi		-	-
Styrkir til félaga (lottó)	4	11.840.611	11.173.512
Áhöld, tæki, búningar	5	1.975	-
Þátttaka í mótum	6	230.344	68.234
Kostnaður v/mótahalds	7	50.000	103.900
Húsaleiga / rekstur mannvirkja	8	128.139	50.360
Rekstur skrifstofu	9	1.720.393	1.551.939
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10	1.378.940	1.239.095
Önnur gjöld	11	29.252	88.557
		20.436.114	18.014.472

Hag/Tap án fjármagnsliða	1.984.611	3.307.568
---------------------------------	------------------	------------------

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur	1.140.908	370.725
Vaxtagjöld	- 2	-
	1.140.906	370.725

Hag/Tap ársins	3.125.517	3.678.293
-----------------------	------------------	------------------

Efnahagsreikningur 2023

Eignir	Skýringar	2023	2022
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	12	1.484.279	1.484.279
		1.484.279	1.484.279
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.922.777	1.315.759
Vörubirgðir		1.170.479	1.320.663
Handbært fé		24.031.871	21.144.757
		27.125.127	23.781.179
Eignir samtals		28.609.406	25.265.458
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðst. eigið fé 01.01.		19.096.873	15.418.580
Hag /Tap ársins		3.125.517	3.678.293
		22.222.390	19.096.873
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		175.528	154.101
Ógreitt LOTTÓ til félaga		6.158.415	5.861.850
Ógreitt v/starfsfóks		53.073	152.634
		6.387.016	6.168.585
Skuldir og eigið fé samtals		28.609.406	25.265.458

Skýringar

Rekstrartekjur

- 1 Framlög og styrkir
Lottó ÍSÍ og UMFÍ
Getraunir 1x2
Rekstrarstyrkir frá sveitarfélögum
Ferðastyrkir
Útbreiðslustyrkur
Styrkir v. ULM
Styrkir ýmis fyrirtæki
Styrkir v. Æfum alla ævi
- 2 Aðrar tekjur
Skattar félaga
Leiga HSP íjaldi
Niðurfelld ögr. Tjaldaleiga frá 2019
Sala búninga
Sala HSP vörur (bækur o.p.h.)
Tekjur v. Æfingabúða, námsk. ofl.

Rekstrargjöld

- 3 Laun og launatengd gjöld
Laun
Tryggingagjald
Lífeyrissjóður
Orlofs- og sjúkrasjóður
Aðrir bifreiðastyrkir
- 4 Styrkir til félaga
Lottó
Ferðastyrkir

- 5 Áhöld, tæki og búningar
Búningar
HSP - kerri

- 6 Þátttaka í mótum
Þátttökukostn. ULM
Ýmis kostnaður v. ULM

- 7 Kostnaður v/mótahalds
Ásbyrgismót

- 8 Húsaleiga / rekstur mannvirkja
Húsaleiga skrifstofa Laugar

- 9 Rekstur skrifstofu
Sími

Ritföng	20.398	18.298
Prentun	105.086	85.436
Póstkostnaður		33
Funda- og þingkostnaður	688.815	670.155
Ferðakostnaður stjórnar		
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSÍ	431.549	104.910
Kaffikostnaður og risna	9.790	2.380
Gjafir til starfsmanna o.fl.		
Tölvukostnaður	66.612	228.194
Annar skrifstofukostnaður	43.524	11.795
Bókhald og endurskoðun	287.859	286.780
Auglýsingakostnaður	39.900	117.738
	1.720.393	1.551.939

- 10 Kynning, fræðsla, útbreiðsla
Námskeiðskostn. og fræðsluefni
Fræðslusjóður
Ferðakostnaður v/námskeiða
Æfum alla ævi
Afreksmannasjóður
Akturssjóður
Styrkir Frjálsíþr.ráð
Verkefna- og styrktarsjóður HSP
Annar fræðslu- og útbreiðslukostn.

- 11 Önnur gjöld

- Breyting vörubirgða
- Þjónustugjöld VISA/EURO
- Þjónustugjöld banka
- Fjármagnstekjuskattur - greiddur

- 12 Áhöld og tæki

- Tjald - Aðaldeild
- Skrifstofubúnaður - aðaldeild
- Skrifstofuhúsgögn - Aðaldeild
- Tímatökutæki - Aðaldeild
- Yfirbyggð kerri - Aðaldeild

Viðskiptakröfur

- Inneign hjá félögum/UMFÍ/ÍSÍ

Vörubirgðir

- Vörur
- Birgðabreyting

Handbært fé

- Sjóður aðaldeild
- 1110-26-252
- 1110-15-201082 - Varasjóður

Frjálsíbróttafélag HSB kt. 640409-0610

Rekstrarreikningur 2023				Efnahagsreikningur 2023				Skýringar		2023	2022
Tekjur	Skýr.	2023	2022	Eignir	kr.	kr.	2023	2022			
Framlög og styrkir	1	500.000	427.278	Fastafjármunir			0	0	Styrkir HSP	300.000	300.000
Tekjur af mótum	2	378.100	384.000	Veltufjármunir					Styrkir UMFf	-	80.000
Aðrar tekjur	3	315.886	240.960	Vörubirgðir		17.892	17.892	17.892	Styrkir aðrir	200.000	-
V/páttt. á Gautaborgarleikum	4	1.506.800		Útistandandi æf.gjöld		0	0	0	2 Páttt.gjöld	378.100	384.000
				Styrkur UMFf v.æfingabúða					3 Æfingagjöld	236.628	135.960
				Handbært fé				80.000	Tekjur v/æf.búða, námsk.	-	35.000
									Kostnaður lókenda v/móta o.p.h.	79.258	70.000
Gjöld									4 Hlutur páttt. v/ Gautaborgarleikar	800.000	-
Verktakagreiðslur þjálfara	5	255.700	444.570		1110-05-400575	2.245.018	1.834.675		Fjáröflun v/Gautaborgarleikar	706.800	-
Áhöld og tækí	6	190.626			1110-05-403575	457.352	115.064		5 Verktakagreiðslur þjálfara	255.700	234.570
Pátttaka í mótum	7	236.402	122.450					2.047.631	Greiðslur v. Móta og æfingabúða	-	210.000
Kostn. v/Gautaborgar	7	800.000							6 Þróttaráhöld	190.626	-
Kostnaður v/ mótahalds	8	181.774	73.917						7 Pátttökugjöld á mót	115.250	122.450
Rekstur v/ yfirstjórnar	9	9.015	1.690						Gr. Gisting og ferðak. Á mót	121.152	-
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10								Ferðakostn. Vegna Gautaborgar	800.000	-
Önnur gjöld	11	1.055	216.285						8 Verðlaunaþeningar	155.539	69.500
V/páttt. á Gautaborgarleikum	11	336.700	91.000						Annar mótah.kostn. (skot o.p.h.)	26.235	4.417
									9 Póstkostnaður	9.015	1.690
									10 Æfingabúðir -matur/gisting/húsál	-	216.285
									11 Þjónustugjöld banka	1.055	-
Hagnaður (tap) án fjármagnsiðla		689.514	102.326						V. fjáröflun f Gautaborgarleika	336.700	-
(v. hefðbundinnar starfsemi)		319.414									
(v. sófnunar f. Gautaborga)		370.100									

Gjaldkeri

Skoďaď daga.

28.2.2024

Grundbildert.

Supplements

Skýrslur ráða, nefnda og sjóða

Engar nefndir voru starfandi á árinu 2023 en frjálsíþróttakrakkar kepptu saman undir merkjum HSP og HSP studdi þátt-takendur til keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ með niðurgreiðslu þátttökugjalda.

Frjálsíþróttaráð HSP

Þrátt fyrir að árlega hafi verið skrifaðar skýrslur í nafni frjálsíþróttaráðs HSP þá hefur starfið nokkur sl. ár „innan ráðsins“ ekki verið líkt og lög HSP eða ÍSÍ gera ráð fyrir um, en „sérráð er samband þeirra félaga sem hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni“. Félög innan HSP hafa s.s. ekki endilega verið í miklu sambandi vegna frjálsíþróttastarfs. Framkvæmdastjóra var falið af stjórn HSP í vor að koma á samtali milli félaga sem hafa haft frjálsíþróttir á dagskrá sinni. Tilgangurinn var að reyna að efla samstarfið og samtalið.

Tölvupóstur var sendur á aðildarfélög og þau beðin um að tilnefna fulltrúa og „hittust“ fulltrúar Austra, UMFL, Mývetnings, Eflingar og Húsavíkur (Völsungur) á teamsfundi í maí. Bjarmi, Þingeyingur og Einingin fengu einnig tölvupóstinn. Þarna var ákveðið að vera með sameiginlegan leikja/æfingadag í Lundi í júní og stóð hugurinn til að taka annan slíkan í lok sumars en eins og oft vill gerast þá varð ekkert úr seinni deginum. Hinn 19. júní hittumst við í Lundi, krakkar úr áðurnefndum félögum, og tókum æfingu undir stjórn Sigurbjörns UMFL, Aðalbjargar Mývetningi og Gunnhildi Eflingu. Í lokin var boðið upp á grillaðar pylsur. Þetta tókst mjög vel og hefði verið frábært að ná öðrum slíkum degi í lok sumars.

Iðkendur tóku þátt í tveimur mótum innanhúss og var fyrsta mót ársins MÍ 11-14 ára. Þangað skunduðu 7 iðkendur og komu heim með 32 bætingar, fern verðlaun og mótismet! Ísabella Anna Kjartansdóttir var mest áberandi af keppendum HSP en hún setti mótismet í 400m hlaupi 12 ára stúlkna (71,15 sek) og stóð fjórum sinnum á verðlaunapalli. Næst var Akureyarmót UFA og voru 17 keppendur skráðir sem héldu áfram að raða inn bætinum, sumir kepptu í fjölþraut fyrir yngri en aðrir í hefðbundnum greinum.

Fjögur mót voru á dagskrá utanhúss. Fimm iðkendur voru skráðir á MÍ og náðu yfir tuttugu bætingum. Tveir iðkendur náðu á pall á MÍ, þau Vilborg Halla í spjótkesti (2.sæti) og Hinrik Freyr í hástökki (3-4. sæti). Þrjátíu iðkendur frá HSP tóku þátt í Sumarleikum HSP, þar af helmingurinn í fjórþraut

Ísabella Anna átti mjög gott mót á MÍ 11-14 ára. Það verður gaman að fylgjast með þessari fjölbæfu íþróttakonu í framtíðinni



fyrir yngri og var mjög ánægjulegt að sjá þennan fjölda frá HSP. Á ULM náðu þrír keppendur HSP að verða Unglingalandsmótsmeistarar, þau Arney Dagmar í hástökki 18 ára, Hafþór Höskulds í langstökki og hástökki 18 ára og Sigurður Arnfjörð í 100m, 600m og 80m grindahlaupi. Tveir keppendur luku svo frjálsíþróttasumrinu með þátttöku á Akureyarmótinu og náðu þar fimm bætingum.

Góð þátttaka var á samæfingu í Lundi í júní



Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ (ULM) var á sínum stað á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina. Alltaf er verið að reyna að bæta skráningarfyrirkomulag og gekk það ágætlega vel í ár en hver og einn sér um sína skráningu, hvort heldur er í mótið sjálft eða einstakar greinar og liðakeppnir. Það er ekki einfalt að áætla fjölda gesta á tjaldsvæðum vegna ULM eða hversu stórt svæði hvert og eitt samband þarf. Því auglýstu mótshaldarar að engin tjaldsvæði yrðu tekin frá fyrir héraðssambönd nema sérstakar óskir kæmu þar um. Að okkar mati fylgir því alltaf ákveðin stemning að vera á tjaldsvæði þar sem allir eru í „sama liði“, þó svo að í sjálfu sér skipti það engu máli þar sem þátttakendur á ULM þurfa bara alls ekki að vera í neinu íþróttafélagi. Við höfðum góða yfirsýn yfir skráningar undir merkjum HSP og óskuðum eftir merktu tjaldsvæði í samræmi við þann fjölda.

Skráðir þátttakendur frá HSP voru 32 og fylgdu fjölskyldur þeirra á mótið. Það var því líf og fjör í tjaldbúðunum og jákvætt og gleðilegt að sjá krakkana leika sér saman. Við fjölmennum á setningarhátíðina, flestallir klæddir bláum peysum merktum HSP og með lógói Sparisjóðs Suðurlandshreyfingar sem allir þátttakendur frá gefins, þökk sé Sparisjóðnum. Það er nær ómögulegt að hafa gott yfirlit yfir gengi þátttakenda frá HSP þar sem þau keppa oft með krökkum frá allt öðrum héraðssamböndum í liðakeppnum og undir því liðsnafni sem þeim hugnast best. Það er einna helst í einstaklingsgreinum eins og frjálsíþróttum og sundi sem keppendur keppa undir merkjum HSP. Það skiptir þó ekki öllu máli, það sem skiptir mestu máli er góð þátttaka í skemmtilegum félagsskap í frábæru umhverfi og umgjörð sem unglingalandsmótið eru. En þau eru með öllu áfengis- og vímuefnalaus skemmtun og mælum við með því að allir taki frá verslunarmannahelgina 2024 og fjölmenni með okkur í Borgarnes.



Verkefna- og styrktarsjóður HSP 2023

Reglugerð sjóðsins var skerpt á ársþingi HSP 2023 og þá voru sett vinnuviðmið fyrir stjórn vegna úthlutana. Tilgangur sjóðsins er m.a. að styrkja: verkefni afreksfólks í að sækja sér þjálfun eða taka þátt í mótum sem eru viðbót við reglubundna þjálfun eða keppni; námskeið, ráðstefnur eða fundi fyrir þjálfara, starfsfólk eða stjórnir; námskeiðshald aðildarfélaga fyrir iðkendur fyrir iðkendur, þjálfara, dómara eða sjálfboðaliða; aksturskostnað 18 ára og yngri í æfingum á vegum aðildarfélaga HSP; og nýjungar og sérstök verkefni. Úthlutað var tvívegis úr sjóðnum á árinu skv. reglugerð. Við fyrri úthlutun bárust 4 umsóknir, þar af 3 vegna akstursstyrks og ein vegna sérstakra verkefna, að heildarupphæð 350.000 kr. Samþykkti stjórn að styrkja allar umsóknir að fullu. Við síðari úthlutun bárust 9 umsóknir, þar af 7 vegna

landslíðsverkefna og tvær vegna aksturs. Sjóðsstjórn ákvað að greiða 32 kr/km í akstursstyrk með frádrætti upp á 40 km per ferð skv. vinnuviðmiðum og styrkja landslíðsverkefni um 45% af sótttri upphæð. Heildarupphæð sem úthlutað var við seinni úthlutun nam kr. 728.940.

Skv. fjárhagsáætlun var ráðgert að úthluta kr. 1.075.000. í heildina. Tekjur sjóðsins á árinu námu kr. 789.374 og var kr. 1.078.940 úthlutað. Þar af voru 417.440 kr (39%) úthlutað í aksturstyrk, 90.000 (8%) í sérstök verkefni og 571.500 (53%) til landslíðsverkefna. Innistæða sjóðsins í árslok var kr. 1.696.567.

Úthlutanir verkefna- og styrktarsjóðs 2023

Verkefni - júní 2023	Félag	Upphæð
Fræðsla fyrir mfl. í blaki	Völs	90.000
Akstur á æfingar blak Húsavík	Efling	100.000
Akstur á æfingar á Þórshöfn	UMFL	30.000
Akstur á æfingar á Þórshöfn	UMFL	130.000

Verkefni - desember 2023	Félag	Upphæð
Norðurlandsúrtak KSÍ - keppni í Kaupmannahöfn	Völs	31.500
Akstur á æfingar blak mfl. Húsavík	Efling	76.800
Akstur á æfingar Þórshöfn	UMFL	80.640
U17 Landsliðsverkefni í blaki	Efling	54.000
Landsliðsverkefni í blaki U17, U19 og A-landslið	Völs	90.000
Landsliðsverkefni í blaki U19 og A-landslið	Völs	112.500
Landsliðsverkefni í blaki U19 og A-landslið	Völs	112.500
U19 landsliðsverkefni í blaki	Völs	58.500
Landsliðsverkefni í blaki U19 og A-landslið	Völs	112.500


Lottógreiðslur til aðildarfélaganna vegna ársins 2023

	Mæting á þing 2023	# lökanir 6-17 ára 2023	# Félagar 18+ 2023	Þingfulltrúar 15% 1.776.091	lök. 6-17 ára 70% 8.288.426	Fél. 18+ 15% 1.776.091	Samtals Lottó 11.840.609	Skattur Til HSB
Akstursíþróttafélag Mývatnssv.	0/1	1	41	0	0	0	0	20.500
Golfklúbbur Húsavíkur	3/3	29	108	121.097	259.293	73.353	453.743	54.000
Golfklúbbur Mývatnssveitar	0/1	0	19	0	0	0	0	9.500
Golfklúbburinn Gljúfri	1/1	0	10	40.366	0	6.792	47.158	5.000
Golfklúbburinn Lundur	0/1	0	62	0	0	0	0	31.000
Hestamannafélagið Feykir	1/1	6	46	40.366	53.647	31.243	125.255	23.000
Hestamannafélagið Grani	2/2	63	69	80.731	563.291	46.864	690.887	34.500
Hestamannafélagið Snæfaxi	2/2	23	64	80.731	205.646	43.468	329.846	32.000
Hestamannafélagið Þjálfí	3/3	28	79	121.097	250.352	53.656	425.105	39.500
Íþróttafélagið Magni	4/4	15	206	161.463	134.117	139.914	435.494	103.000
Íþróttafélagið Völsungur	8/8	443	1070	322.926	3.960.920	726.737	5.010.583	535.000
Íþróttafélagið Þingeyingur	2/2	27	43	80.731	241.410	29.205	351.347	21.500
Mývetningur íþrótt og ungm.	4/4	75	167	161.463	670.585	113.425	945.473	83.500
Skálfélagið Goðinn	1/1	6	75	40.366	53.647	50.940	144.952	37.500
Skotfélag Húsavíkur	2/2	0	119	80.731	0	80.824	161.555	59.500
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	0/1	-	-	0	0	0	0	0
Skotíþróttafélag Norðurlands	0/1	0	27	0	0	0	0	13.500
Umf. Austri	0/2	12	42	0	0	0	0	21.000
Umf. Bjarmi	3/3	19	90	121.097	169.881	61.127	352.106	45.000
Umf. Efling	3/3	82	139	121.097	733.173	94.408	948.678	69.500
Umf. Einingin	1/1	5	57	40.366	44.706	38.714	123.785	28.500
Umf. Geisli	0/1	-	-	0	0	0	0	0
Umf. Langnesinga	4/4	106	273	161.463	947.760	185.420	1.294.642	136.500
Umf. Leifur Heppni	0/1	-	-	0	0	0	0	0

Átta félög (Aksturíþróttafélagið, Gk. Mývatnssveitar, Gk. Lundur, Skotfélag Þórshafnar og nágr., Skotíþróttafélag Norðurlands, Umf. Austri, Umf. Geisli og Umf. Leifur heppni sendu ekki fulltrúa á ársþingið 2022 og fengu því ekki úthlutun á árinu. Þá skiluðu Skotfélag Þórshafnar og nágr., Umf. Geisli og Umf. Leifur heppni ekki tölum í skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

Þróun iðkendafjölda innan HSB

Þetta er í annað sinn sem Íþróttahreyfingin skilar tölulegum upplýsingum um starf sitt í gegnum hið nýja skilakerfi UMFÍ og ÍSÍ. Með nýju skilakerfi hefur Íþróttahreyfingin nýtt tækifærið og lagað til í iðkendatali hjá sér, deildir félaga sem áður var að finna í Felix er ekki í nýju skilakerfi sem bendir til að þróun hafi átt sér stað. Þá hefur allt starf sem áður tilheyrði aðeins UMFÍ s.s. bridds, leiklist og skógrækt verið sett saman undir einn hatt í skilakerfinu. Vegna nýs starfsskýrslukerfis er e.t.v. ekki hægt að bera iðkendatölur saman milli ára að öllu leyti. Hér er þó myndræn þróun sl. 10 ára, þegar aðeins eru teknar þær greinar sem höfðu einhverja iðkendur sl. 5 ár. Ártöl segja til um skilaár í starfsskýrslukerfið, í rauninni eiga tölurnar við um iðkendafjölda ársins á undan. Á myndinni má glögg sjá breytingar í tengslum við covid-árin og jákvætt að sjá hækkandi fjölda iðkenda í kjölfarið.



Aðildarfélög Héraðssambands Þingeyinga 2023

Aðildarfélag	Formaður um áramót 2023/24	1X2
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	Júlíus Björnsson	
Golfklúbbur Húsavíkur	Birna Ásgeirsdóttir	641
Golfklúbbur Mývatnssveitar	Kristján Stefánsson	662
Golfklúbburinn Gljúfri	Haukur Marinósson	
Golfklúbburinn Lundur	Pétur Gunnar Ringsted	
Hestamannafélagið Feykir	Baldur Stefánsson	
Hestamannafélagið Grani	Stefán Haraldsson	
Hestamannafélagið Snæfaxi	Jóhannes Sigfússon	
Hestamannafélagið Þjálfí	Stjórn Þjálfí (Helga S. Heide)	
Íþróttafélagið Magni	Hjörtur Geir Heimisson	610
Íþróttafélagið Völsungur	Bergur Jónmundsson	640
Íþróttafélagið Þingeyingur	Brynjar Þór Vigfússon	
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	Anton Freyr Birgisson	661
Skálfélagið Goðinn	Hermann Aðalsteinsson	
Skotfélag Húsavíkur	Hallur Þór Hallgrímsson	
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	Rúnar Þór Konráðsson	
Skotíþróttafélag Norðurlands	Kristján R. Arnarson	
Ungmennafélagið Austri	Birna Björnsdóttir	675
Ungmennafélagið Bjarmi	Birna Davíðsdóttir	636
Ungmennafélagið Efling	Aðalbjörn Jóhannsson	650
Ungmennafélagið Einingin	Sigurlína Tryggvadóttir	642
Ungmennafélagið Geisli	Árni Garðar Helgason	
Ungmennafélag Langnesinga	Hulda Kristín Baldursdóttir	680
Ungmennafélagið Leifur heppni	Salbjörg Matthíasdóttir	671

Starfsskýrslur aðildarfélaga HSB fyrir árið 2023

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Í stjórn félagsins eru Júlíus Björnsson formaður, Yngvi R. Kristjánsson gjaldkeri og Hallgrímur Páll Leifsson meðstjórnandi. Einn almennur fundur var haldinn í febrúar til að undirbúa snjósleðamót sem er eitt aðal verkefni AMÝ. Snocross mót í Mývatnssveit er haldið aðra helgina í mars ár hvert sem hluti af Vetrarhátíð við Mývatn. Þetta árið var mótið haldið 11. mars og gekk framkvæmd þess með ágætum, veður var frábært, brautin flott og allir sem komu að gerð brautar eða undirbúnings mótsins stóðu sig með einstakri þýði. Mótið var jafnframt 3. mótið til Íslandsmeistara í snocrossi. Undanfarin ár hefur þessi íþrótt verið að rísa. Mótið var stærra, áhorfendur voru margir og keppendur voru fleiri, sérstaklega í unglinga/byrjunarflokkum. Keppt var í 5 flokkum, um 40 keppendur tóku þátt og komu af öllu landinu. Rekstur félagsins gengur vel og er ár hvert nokkur afgangur til að setja í væntanleg verkefni svo sem viðhald á hjólabraut og annað sem vonir standa til að verði að veruleika sem fyrst.

Stjórn Akstursíþróttafélags Mývatnssveitar



Golfklúbbur Húsavíkur

Heilt yfir var síðasta starfsár mjög gott hjá okkur og kom til að mynda Katlavöllur ótrúlega vel undan vetri og var völluminn opnaður um miðjan maí og opin fram yfir miðjan október.

Stjórn Golfklúbbs Húsavíkur árið 2022 - 2023 skipuðu:

Birna Ásgeirsdóttir formaður
Karl Hannes Sigurðsson varaformaður
Sigurgeir Höskuldsson gjaldkeri
Hulda Þórey Garðarsdóttir ritari
Jón Elvar Steindórsson meðstjórnandi
Arnar Vilberg Ingólfsson varamaður

Klúbburinn fór í miklar framkvæmdir sl. haust. Sveitarfélagið lauk við framkvæmdir á vegi og bílastæði haustið 2022 og í kjölfarið komu einingar frá Svíþjóð. GH fékk Trésmiðjuna Rein til að reisa húsið og loka því. Klúbburinn fékk það svo afhent fókheld um áramótin 2022-2023. Það var

alltaf vitað frá upphafi að meðlimir GH þyrftu að leggja fram vinnu og það stóð ekki á því. Við byrjuðum strax 2. janúar 2023 og unnið var þarna allar helgar og suma virka daga þangað til við opnuðum í byrjun júní, allt í sjálfböðavinnu. Við fengum mikinn meðbyr með þessu verkefni úr öllum áttum og voru óviðkomandi menn og fyrirtæki að leggja fram vinnu og efni. Það segir sig sjálft að svona verkefni hefði aldrei orðið að veruleika nema með aðkomu sveitarfélagsins og mikilli sjálfböðavinnu. Kostnaðaráætlun stóðst með framlagi sveitarfélagsins ásamt eigin fé klúbbsins en við gerðum ráð fyrir að fullbúið hús kostaði 110 milljónir fyrir utan alla sjálfböðavinnu. Gera má ráð fyrir að vinnuframlag klúbbmeðlima geti reiknast í kring um 60 milljónir. Búið er að ganga frá húsnæðinu að innan að undanskildu æfingasvæði sem við stefnum á að klára eins og fljótt og hægt er. Þar sem aðkoman að vellinum er núna í gegnum bæinn breytir það öllu fyrir okkur og teljum við okkur vera í miklu sóknarfæri varðandi fjölgun og frekari uppbyggingu í klúbbnum.

Eins og í flestum litlum klúbbum er unnið óeigingjarnt starf og er það engin undantekning innan GH. Klúbburinn hefur verið með fasta starfsmenn yfir sumartímann til að sinna viðhaldi og umhirðu á vellinum. Sigurður Hreinsson hefur gegnt starfi vallarstjóra undanfarin ár með miklum sóma en 2 aðrir starfsmenn voru með honum í sumar ásamt krökkum úr bæjarvinnunni.

Hjónin Jón Elvar Steindórsson og Anna Guðmundsdóttir sáu um rekstur skálans með miklum sóma síðasta sumar. Almenn ánægja ríkti hjá öllum sem komu við. AJ veitingar hafa sagt upp samningnum og ljóst er að það verða einhverjar breytingar fram undan. GH vill þakka þeim fyrir vel unnin störf.

Sumarstarfið var með hefðbundnu sniði og haldin voru 8 mót á vellinum bæði innanfélags og opin mót og var þátttaka góð. Mikil áhersla hefur verið lögð á að reyna efla félagsandann innan klúbbsins sl. 2 ár og héldum við tvö sameiginleg spilakvöld, kynjakvöld. Það gafst mjög vel og góð þátttaka var í bæði skiptin. Barnastarf var rekið með miklum myndarskap og voru um 20 krakkar sem tóku þátt í golfæfingum tvisvar sinnum í viku. Þjálfarar þetta sumarið voru þeir Karl Hannes Sigurðsson og Valur Snær Guðmundsson. Með tilkomu nýs golfskála vonumst við að hægt verði að bjóða uppá æfingar og halda úti barna- og unglingastarfi allt árið.

Sumarið 2023 var eins gott og hugsast getur ef lítið er til opnu mótanna hjá okkur. Að meðaltali voru 62 keppendur skráðir til leiks í opnu mótin okkar. Þar ber helst að nefna „barnið hans Medda“ og mærudagsmótið okkar. Nýtt mót Blush open var á dagskrá í fyrsta skipti og mættu 80 keppendur til leiks þar, mótið gekk vonum framar og ríkti mikil ánægja meðal keppenda með völlinn, veðrið, veitingar og alla umgjörð í kringum mótið. Mótið var haldið dagana 21. og 22. júlí. Til fyrirmyndar og vonandi er þetta fyrirbæri okkar komið til að vera.

Breyting varð á mærudagsmótinu okkar þetta árið en í stað

Þess að spila 18 holur gátu keppendur skilað inn eins mörgum 9 holu hringjum og þeir vildu. Þ.e. að loknum 9 holum, ef keppendur töldu sig geta betur var hægt að borga aukagjald til að skila inn öðrum hring. Þetta fyrirkomulag skilaði okkur 97 keppendum og þó nokkrir skiluðu auka-hringjum svo óhætt þykir að segja að þetta hafi hitt í mark.

Skóbúðarmótið var fullt eins og undanfarin ár. Fresta þurfti mótinu en fór það að lokum fram um verslunarmannahelgina. Fullt var í mótið og fékk mótstjórn að heyra frá nokkrum aðilum (aðkomufólki aðallega) að mikil ánægja hafi ríkt með framkvæmd á frestuninni, en keppendum var haldið upplýstum frá miðvikudegi að mögulega yrði að fresta sökum slæmrar veðurspár. Það varð síðan að mótið var leikið um verslunarmannahelgina í blíðskaparveðri. En þar með er ekki öll sagan sögð. Í mótinu lék drengur að nafni Valur Snær og gerði hann sér lítið fyrir og sló vallahelgi á Katlavelli en hann lék 18 holur á 65 höggum, út 32 högg inn 33 högg. Stórkostlegur dagur.

GPG Seafood mótið var á dagskrá hjá okkur þann 13. ágúst og var vel sótt. Til leiks mættu 60 keppendur í 30 liðum. Verri mæting var svo í lok sumars í síðasta opna mót okkar 2023 sem var Styrktarmót barna og unglingastarfs GH en þar mættu 30 keppendur og er það von okkar að á næstu árum verði þeir töluvert fleiri, enda okkar allra mikilvægasta starf að kynna krakkana fyrir íþróttinni.

Miðvikudagsmótaröðin okkar var vel sótt. Að meðaltali í mótunum 8 voru 20 keppendur. Flestir mættu þann 14. júní, en þá mættu til leiks 33 keppendur, sem er magnað!

Húsavíkurmótið, meistaramót GH, var haldið dagana 5. – 8. júlí en alls tóku þátt 23 keppendur í 5 flokkum og er það, það mót sem á næstu árum okkur langar hvað helst að bæta og gera meira úr. Léleg þátttaka verður að segjast og aldeilis rúm fyrir bætingu. Klúbbmeistarar í karla og kvennaflokki voru þau Unnar Þór Axelsson og Birna Dögg Magnúsdóttir.

Að lokum var svo bændaglíman okkar haldin með pomp og prakt. Þar voru skráðir 22 keppendur til leiks en eitthvað bættist við þá tölu, en bændurnir að þessu sinni voru þeir Bjarni Sveinsson og Hreinn Jónsson. Jafnræði ríkti milli liða þeirra og svo fór að Bjarni hafði sigur úr bítum að loknum tvíendurteknum bráðabana á 4. holu vallarins. Mikil stemming var í Bændaglímunni og er það eitthvað sem gaman verður að byggja ofan á, á næstu árum og gera þetta mót að enn skemmtilegri hefð.

Annað sem mótanefnd þurfti að snúast í þetta sumarið var t.a.m. Haustmót GA kvenna en þá komu nokkrar konur frá GA og spiluðu hjá okkur 18 holur, umfangið varð minna en átti að verða í fyrstu. En loka þurfti vellið fyrir umferð í rúma klst. Íslandsmót golfklúbba 3. deild karla var svo haldin helgina 18. – 20. ágúst. Okkar menn kepptu þar og fór svo að liðið vann alla leiki sína 3-0 nema undanúrslitaleikinn

gegn Borgarnesi. En hann tapaðist 2-1 og leikur liðið því í 3. deild að ári. Mótið var hið skemmtilegasta, áhorfendur skemmtu sér konunglega og gaman var að finna hvað félagsstarf skiptir miklu máli. Meðlimir klúbbsins komu og tóku virkan þátt í mótshaldi og í allri umgjörð sem skilaði sér í miklum leikhraða og almennt ánægju keppanda. Húrra GH.

GH var með tvær karla sveitir og eina kvennasveit í Íslands-móti golfklúbba 2023. Lið GH í 3 deild karla sem haldið var hér á Húsavík í lauk keppni í 3. sæti. Lið GH: Arnar Vilberg Ingólfsson liðsstjóri, Agnar Daði Kristjánsson, Arnþór Hermansson, Karl Hannes Sigurðsson, Sigurður Hreinsson, Unnar Axelsson og Örvar Þór Sveinsson. Lið GH í 2 deild karla sem skipað var kylfingum 50 ára og eldri var haldið í Sandgerði lauk keppni í 4 sæti. Lið GH: Karl Hannes Sigurðsson liðsstjóri, Gunnar Gíslason, Methúsalem Hilmarsson, Örvar Þór Sveinsson, Gunnlaugur Stefánsson, Sigurður Hreinsson, Sigurgeir Stefánsson, Sigurður Helgi Ólafsson og Þorsteinn Reynir Þórsson.

Lið GH í 2 deild kvenna sem skipað var kylfingum 50 ára og eldri var haldið á Höfn í Hornafirði og lauk keppni í 6 sæti. Liðsstjóri: Jóhanna Guðjónsdóttir, Birna Ásgeirsdóttir, Elva Signý Jónsdóttir, Hulda Þórey Garðarsdóttir og Sólveig Jóna Skúladóttir. Þess má geta að 21 ár er síðan GH sendi síðast kvennasveit.

Stjórnin fundaði 8 sinnum á árinu. Töluverð vinna fór í að leita að og fjölga styrktaraðilum ekki síst vegna framkvæmda. Megi þeir aðilar sem gengu til liðs við okkur hafa mikla þökk fyrir stuðninginn. Þetta gerir klúbbnum kleift að byggja upp meira og betra barna- og unglingastarf sem er jú framtíð klúbbsins.

Okkar stærsti styrktaraðili líðandi árs er sveitarfélagið Norðurþing eins og undanfarin ár. Einnig eru eftirfarandi: Blush Reykjavík, Íslandsbanki, Landsbankinn, Skóbúð Húsavíkur, GPG, Norðlenska, Síminn, Sjóvá, Sögin, SAH, Geo Sea, Grímur ehf, Gentle Giants, Fagmál, Framsýn, Fatahreinsun Húsavíkur og Fosshótel. GH vill þakka þessum aðilum kærlega fyrir stuðninginn ásamt þeim fjölmörgu styrktaraðilum barna- og unglingamótsins sem haldið er á hverju ári.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka öllu starfsfólki fyrir góð störf í þágu Golfklúbbs Húsavíkur. Þakka styrktaraðilum og Norðurþingi fyrir gott samstarf. Þakka öllum sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag og jákvæðni í okkar garð og fyrir að sýna klúbbnum sínum áhuga, klúbbnum og starfinu til heilla. Þessi uppbygging sem þegar er komin mun breyta starfi golfklúbbsins til muna og vonumst við til að í framtíðinni verði starfsemi og golfiðkun í húsinu allt árið og að framtíðin sé björt fyrir golfiðkun á Húsavík.

Birna Ásgeirsdóttir, formaður



Golfklúbbur Mývatnssveitar

Stjórn GKM árið 2023:

Formaður	Kristján Stefánsson
Gjaldkeri	Guðjón Vésteinsson
Ritari	Daníel Ellertsson
Varamenn	Hinrik Árni Bóasson, Ellert Hauksson



Aðrir embættismenn:

Form. vallarnefndar	Sigurður Baldursson
Form. mótanefndar	Ellert Hauksson
Form. forgj.nefndar	Kristján Stefánsson
Skoðunarmenn reikn.	Brynjólfur Steingrímsson, Egill Steingrímsson

Félagsstarf GKM 2023 var svipað og undanfarin ár eða nánast ekki neitt. Sumarstarfsmaður sá um slátt á brautum og grínum en sveitarfélagið sá um slátt á röffi og var völlurinn í ágætis standi. Gestakomur voru í meðallagi og flestir ánægðir með völlinn sem er í skemmtilegu landslagi og nokkuð krefjandi að spila. Félagafjöldi er svipaður og gengur frekar illa að fá eitthvað líf í þennan annars ágæta klúbb en vonandi lagast það fljótlega.

Kristján Stefánsson, formaður

Golfklúbburinn Gljúfri

Hér kemur það litla sem var gert hjá Gljúfura í fyrra og er nú það sama og árið þar á undan. Völlurinn var sleginn eins og hægt var vegna tíma og mannskapar af okkur Marínó Eggerts og Jóni Tryggva Helgassyni og var það ekki til stórrar skammar þó betur hefði nú mátt vera. Engar framkvæmdir voru á vellinum vegna óvissu um framhald á þessum stað. Soffía Gísladóttir, formaður hverfisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs var áhugasöm í spjalli um að athuga hjá sínu fólki með uppbyggingu í Ási og mögulega styrki þar til. Einnig um að athuga hvort við fáum framlengingu á samningnum sem nú gildir til loka þessa árs. Í stjórn sátu áfram frá fyrra ári Haukur Marínósson formaður, Jón Grímsson gjaldkeri og Jón Tryggvi Helgason ritari.

Haukur Marínósson, formaður



Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2023 er fjórtánda starfsár golfklúbbsins. Megin starfsemi golfklúbbsins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar og veitingaskála er alveg á höndum landeigenda og þeirra félagi, Lundsgolf ehf. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í samvinnu við Lundsgolf ehf. Áfram eru engar eignir skráðar á klúbbinn og ekkert mannahald er á vegum klúbbsins.



Lundsvöllur kom sérstaklega vel undan vetri og unnu landeigendur mikið í vellinum til að koma honum í stand fyrir sumarið og má segja að hann hafi aldrei verið í svona góðu ástandi. Þetta varð til þess að aðsókn á völlinn hefur aldrei verið meiri. Laugardaginn 27. maí opnaði síðan Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara. Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbinn 47 félagsmenn með fulla aðild og 27 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 27 konur og 47 karlar, engin börn eða unglingar undir 18 ára eru í klúbbnum.

Mótahald á vegum GLF byrjaði seint þetta sumarið eða 6. ágúst með okkar árlega Coca-Cola verslunarmannahelgin, sem er opið 9 holu punktkeppni. Skráðir voru til leiks 56 karlar og konur, sem er met þátttaka í golfmóti hjá okkur. Sigurvegari á 21 punkti varð Magnús Gíslason. Þann 13. ágúst var meistaramót klúbbsins spilað, 18 holu högggleikur, í því móti spiluðu 11 félagar. Meistari karla á 82 höggum varð Brynjar Sæmundsson og meistari kvenna varð Halla Sif Svavarsdóttir á 83 höggum. Þann 26. ágúst var okkar árlega Rafeyri vanur/óvanur sem er 2 manna texas scramble keppni, til leiks mættu 40 manns. Mótahald sumarsins endaði síðan 10. september á okkar vinsæla Lopapeysumóti kvenna sem er 18 holu punktkeppni kvenna. Til leiks mættu 23 konur sem er minna enn oft áður og má skýringu reka til kuldaveðurs sem var á keppnisdegi. Sigurvegari mótsins á 39 punktum var Marsibil Sigurðardóttir úr Golfklúbbi Hamars Dalvík.

Stjórn klúbbsins telur eftirfarandi:

Formaður: Pétur Ringsted
Gjaldkeri: Bjarni Rúnar Sigurðsson
Ritari: Halla Sif Svavarsdóttir
Meðstjórnandi: Valdemar Örn Valsson
Meðstjórnandi: Kjartan Snorrason

Pétur Ringsted, formaður

Hestamannafélagið Feykir

Aðalfundur Feykis var haldinn í Öxarfjarðarskóla þriðjudaginn 31. janúar 2023. Stjórn skipa: formaður: Baldur Stefánsson, gjaldkeri: Salbjörg Matthíasdóttir, ritari: Petronella Hannula. Sótt var um styrk til reiðvegagerðar til LH sem úthlutar fjármagni frá Vegagerðinni. Ekki fékkst styrkur að þessu sinni en brýnt er að sækja þar áfram um því úrbóta á reiðvegum er víða þörf meðfram þjóðvegi á svæðinu. Ársþing HSP var haldið á Grenivík 26. febrúar og fór Baldur formaður sem fulltrúi Feykis. Kvinnareid var 24. júní í Kelduhverfi að þessu sinni í umsjón Salbjargar í Árdal og Berglindar á Fjöllum. Reiðin var með kúrekaþema og farið um Vestursand frá Árdal í Arnanes og Nýjabæ. Þátttaka var mjög góð og frábært veður. Í lok reiðtúrs var grillað og skemmtun fram eftir kvöldi. Til stóð að halda hestamót í Eyjadal 1. júlí í samstarfi við Snæfæxa eins og hefð er fyrir annað hvert ár. Mjög lítil skráning og vond veðurspá varð til þess að mótinu var aflýst að þessu sinni. Hestaleikjanámsskeið fyrir börn var haldið á Fjöllum dagana 19. júlí og 2. ágúst, leiðbeinandi á námskeiðinu var Berglind Ýr



Ingvarsdóttir á Fjöllum 2. Kennt var í tveimur mismunandi hópum, annars vegar börn sem teymt var undir og hins vegar sjálfstæðir reiðmenn. Markmið með námskeiðinu var að auka jafnvægi knapa og stjórnun hestsins gegnum leik og þrautir. Vel sótt námskeið og skemmtilegt. Félagsreiðtúr fyrir alla aldurshópa var farinn 17. ágúst í Núpasveit. Reiðið var í kringum Valbjófsstaðafjall, stórskemmtileg reiðleið og góð.

Stjórn Feykis

Hestamannafélagið Grani

Aðalfundur Grana var haldinn 29. maí 2023 og framhaldsaðalfundur 5. júní.

Í stjórn Grana voru kjörnir Stefán Haraldsson, formaður. Meðstjórnendur eru Jón Ólafur Sigfússon, Jón Borgar Þórgímsson, Einar Víðir Einarsson og Björn Guðjónsson.

Reiðhallarball höfum við haldið til tekjuöflunar undanfarin ár. Að þessu sinni var ekki grundvöllur til athafna, því miður. Reiðnámskeið og barnastarf er með ágætum blóma á vorin. Oddný Lára Guðnadóttir reiðkennari bar hita og þunga, við vinsældir. Rekstur og ut anumhald reiðhallar er mikilvægt verkefni stjórnar.

Stefán Haraldsson, formaður



Hestamannafélagið Snæfaxi

Stjórn hestamannafélagsins Snæfaxa:

Formaður: Jóhannes Sigfússon Gunnarsstöðum.

Gjaldkeri: Steinunn Anna Halldórsdóttir Sauðanesi.

Ritari: Ragnar Skúlason Ytra-Álandi

Meðstjórnendur: Eggert Stefánsson Laxárdal og Gísli Jónsson Þórshöfn.

Starf Snæfaxa:

Þann 28. febrúar var haldinn stjórnarfundur á Gunnarsstöðum.

Þann 12. mars fóru tveir félagsmenn Snæfaxa og sátu HSB-þingið sem fram fór í Grenivíkurskóla.

Reiðnámskeið var haldið í apríl með Petronellu Hannulu sem er reiðkennari frá Háskólanum á Hólum og vinnur við tamningar og þjálfun á Snartarstöðum við Kópasker. Haldin voru tvö námskeið, það fyrra 15. – 16. apríl og það seinna 29. apríl og 30. apríl. Námskeiðin voru kennd í einkatímum/hóptímum í reiðhöllinni Kaplaborg á Gunnarsstöðum. Snæfaxi skaffaði hesta og búnað fyrir



þá sem það þurftu ásamt því að bjóða námskeiðið fyrir börnin án endurgjalds. Þátttaka var mjög góð og fullt frá morgni til kvölds alla dagana.

Félagsmenn fóru í Páskareiddtúr 8. apríl. Frá Ósrétt á Langanesi í Ytra-Lón. Aðalfundur Hestamannafélagsins Snæfaxa var haldinn miðvikudaginn 19. apríl (síðasta vetrardag) klukkan 20:00 í fundarsal skrifstofu Langanesbyggðar.

Félagsmenn blésu til reiðtúra í júlí. Þá var einn félagsmaður sem ákvað stað, stund og tímasetningu. Þar komu allir sem gátu með hesta á kerru og farið var í 1-2 klukkutíma reiðtúr. Að reiðtúr loknum var sest saman og notið veitinga.

Stjórn Snæfaxa

Hestamannafélagið Þjálfí

Aðalfundur Þjálfá var haldinn

þann 15. febrúar 2023. Í

stjórn voru kosin Helga Sigur-

björg formaður, Jón Sverrir

gjaldkeri, Hildur, Birna og

Katrín Von. Varamenn voru

kosnir Kári og Snorri. For-

maður hætti störfum á árinu,

en ekki var kosinn annar for-

maður í staðinn þar sem

aldrei hafði verið boðaður

fyrsti fundur stjórnar. Stjórn ákvað að vinna verkefnið

saman og að kosinn yrði nýr formaður á næsta aðalfundi.

Mývatn Open og Einarsstaðamót voru haldin venju samkvæmt og gekk það mjög vel. Nokkrar umræður um fyrirkomulag og framkvæmd mótanna hafa verið og felur fráfarandi stjórn þeirri nýju að grípa boltann í þeim umræðum og finna þeim farsælan farveg.

Nokkuð var unnið í reiðvegamállum í sveitarfélaginu í tengslum við gerð nýs aðalskipulags. Kristján Snæbjörnsson hefur átt veg og vanda að því að draga vagninn í þeim málum og vill stjórnin þakka Kristjáni kærlega fyrir. Nú er svo komið að fjöldi reiðleiða er kominn inn á vinnslutillögu að aðalskipulagi og í framhaldinu verður hægt að sækja um styrki í reiðvegaskjóð til að framkvæma í samræmi við skipulagið. Stjórn óskaði formlega eftir samvinnu við Þingeyjar-sveit vegna lagningar reiðvega en því erindi var því miður aðeins vísað til reiðvegaskjóðs Vegagerðarinnar. Það sama átti við þegar óskað var eftir samvinnu við Vegagerðina. Fráfarandi stjórn hvetur nýja stjórn til að taka það samtal upp aftur og óska eftir samvinnu við þessa aðila þar sem ekki er aðeins um að ræða hagsmuni hestamanna heldur er



einnig um að ræða öryggismál og framkvæmdir til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Viðræður áttu sér stað við Granamenn vegna reiðhallarinnar í Saltvík, en því miður er þeim ekki lokið og engin niðurstaða liggur fyrir. Það verk bíður því nýrrar stjórnar.

Í mars var boðið upp á reiðnámskeið með Þorsteini Björnsyni sem félagið niðurgreiddi fyrir sína félagsmenn. Annað var ekki gert.

Stjórn þjálfra



Íþróttafélagið Magni

Aðalfundur Íþróttafélagsins Magna var haldinn í félags- og vallarhúsi félagsins 26. apríl 2023. Arnþór Pétursson, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Hjörtur Geir Heimisson, Jón Helgi Pétursson og Stefán Hrafn Stefánsson voru kosnir áfram í stjórn Magna sem er skipuð 5 mönnum. Hjörtur Geir Heimisson var kjörinn formaður áfram. Í varastjórn eru Ingólfur Birnir Þórarinnsson, Oddgeir Logi Gíslason og Steinar Adolf Arnþórsson.

Íþróttastarf Magna var með hefðbundnu sniði, fótboltinn er aðal íþróttagreinin að venju. Magni rekur mjög öflugt barnastarf og kappkostar að veita öllum iðkendum verkefni við hæfi. 5. flokkur Magna tók þátt í Íslandsmóti á vegum KSÍ. Liðið spilaði 12 leiki og stóð sig vel. Einnig var farið með alla yngri flokka á mót um allt land. Yngri flokkar Magna eru með öflugt



og sterkt foreldrafélag. Anton Orri hætti sem þjálfari yngri flokka á árinu og tók Sigurður Hrafn Ingólfsson við starfinu til næstu tveggja ára, hann sér myndarlega um alla yngri flokka og skipuleggur starfið afar vel. Margir þessara krakka æfa einnig fótbolta með Akureyrarfélögunum, KA og Þór. Nokkrir krakkar eru á fimleikaæfingum á Akureyri og skautaæfingum líka. Einnig eru nokkur börn að æfa dans og körfubolta á Akureyri.

Meistaraflokkur Magna lék í 3. deild síðasta sumar, liðið endaði í 7. sæti deildarinnar með 28 stig, 42 mörk skoruð og 39 mörk fengin á sig. Liðið stefnir á að gera betur næsta sumar og byggja ofan á þá vinnu sem unnin var síðasta sumar í 3. deildinni. Þjálfari Magna er Óskar Bragason og honum til aðstoðar er Guðmundur Óli Bergmann. Við tökum eftir því að mikil ásókn er í að fá að æfa fótbolta með félaginu, margir ungir knattspyrnumenn vilja taka þátt í starfinu, þetta er afar góð þróun og það er greinilega gott að vera í Magna.

Mikill hugur er í mönnum á Grenivík og hefur gengið ágætlega að fjármagna starfið, enda höfum við getað leitað til afar sterkra fyrirtækja sem hafa tekið okkur mjög vel, styrkt starfið mjög myndarlega og staðið þétt við bakið á okkur. Undanfarin ár höfum við lagt mikinn metnað í beinar útsendingar á Youtube-rás Magna, sýnum við beint frá heimaleikjum meistaraflokks og einnig flestum heimaleikjum yngri flokka. Íslensk Verðbréf gaf félaginu nýjustu útgáfu af VEO myndavél sem mun nýtast vel í leikgreiningum ásamt því að vera með búnað þar sem við getum sýnt alla okkar útileiki í beinni útsendingu til okkar stuðningsmanna.

Grenivíkurvöllur er áfram glæsilegur og í toppstandi, mikill metnaður er að hafa hann góðan og fallegan og er aðstaða við völinn afar góð, mikið hefur verið gert á síðustu árum, stúka fyrir alla íbúa hreppsins er við völinn, blaðamanna-aðstaða, sjoppa og svo nýtt félagsheimili og vallarhús, því er aðstaða við Grenivíkurvöll frábær inn í nánustu framtíð.

Píludeild Magna

Stjórnina skipa Birta María Jónsdóttir, Björn Andri Ingólfsson, Hákon Fannar Ellertsson, Róbert Þorsteinsson og Þorsteinn Björnsson. Um 35 manns eru í píludeild Magna, nokkrir eru að taka þátt í mótaráðum og hefur þeim gengið vel. Fimm píluvellir eru í félagsaðstöðu á efri hæð hússins og mikið líf og fjör, skipulagðar æfingar eru 2 í viku fyrir bæði börn og fullorðna. Nokkur mót hafa verið haldin hjá píludeild Magna. Aðstaðan var bætt með kaupum á sjálfstjórni Scolia myndavélakerfi. Markmiðið er að bæta við fleiri Scolia kerfum á árinu 2024. Innanfélagsmót píludeildar var haldið á árinu og sigraði Björn Andri Ingólfsson, í 2. sæti var Þor-



steinn Ágúst Jónsson og í 3-4. sæti voru þeir Árni Dan Ármannsson og Stefán Hrafn Stefánsson.

Íþróttafélagið Magni er kannski ekki stórt félag, en félagið er með stórt hjarta og mikil samstaða er meðal fólks að halda úti öflugum íþróttastarfi á Grenivík. Það ríkir bjartsýni í félaginu, við förum öflug og samstillt inn í næsta ár og gerum okkar besta á öllum vígstöðvum. Til að sterkt sveitarfélag geti gengið vel þá þarf að halda úti góðu og öflugum íþróttastarfi.

Gísli Gunnar Oddgeirsson, framkvæmdastjóri

Íþróttafélagið Völsungur

Framkvæmdastjóri/Aðalstjórn

Skipulagt íþróttastarf er einn af hornsteinunum í hverju samfélagi. Hér á Húsavík erum við svo lánsöm að eiga öflugt íþróttafélag sem býður upp á skipulagða starfsemi fyrir alla aldurshópa allt árið um kring. Allt frá börnum í leikskóla upp í eldri borgara, frá almennri hreyfingu og út í öflugt afreksstarf. Allt þetta er rekið undir merkjum félagsins og megum við sem samfélag þakka fyrir það á hverjum degi. Starfsemi íþróttafélagsins verður aldrei öflugra en þeir sjálfbóðaliðar sem eru tilbúnir að gefa sig að starfsemi félagsins og vinna af hugsjón í þágu félagsins.

Frá 2011 hefur velta íþróttafélagsins aukist um 100 milljónir. Kröfurnar eru meiri og verkefnum hefur fjölgað. Samþættingarverkefnið er gríðarlega ánægjulegt verkefni sem Völsungur er þátttakandi í og sýnir enn og aftur hversu öflugt félagið er, að geta tekið þátt í slíku verkefni. Á sama tíma og velta félagsins hefur aukist gríðarlega þá er alltaf krefjandi að reka íþróttafélag, hverri krónu er velt við og hún nýtt eins vel og möguleiki er á hverju sinni. Sem dæmi má nefna fara 8,5 af hverjum 10 krónum í laun og ferðakostnað innan Völsungs. Í hvert skipti sem flokkur innan Völsungs fer í leik eða keppni þarf að leggja land undir fót og ferðast, ferðakostnaður félagsins hefur aukist um rúm 450% frá árinu 2011 svo dæmi sé tekið.

Nú erum við komin á tímamark þar sem við þurfum að setjast niður, ræða framtíðina og setja okkur stefnu og markmið til næstu ára. Það er gríðarlega mikilvægt að farið verði í samtal milli Völsungs og sveitarfélagsins um stefnu í íþrótt- og æskulýðsmálum. Við gætum orðið fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að skilgreina okkur sem íþrótt- og æskulýðs sveitarfélag. Tækifærin eru þarna úti og það hefur samþættingarverkefnið svo sannarlega kennt okkur. Að með samráði, samvinnu og sameiginlegu átaki er hægt að gera góða hluti enn betri. Að því sögðu vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum, félagsmönnum, fyrirtækjum og öðrum velunnurum félagsins fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Boccia

Við æfum tvisvar í viku, stelpur á þriðjudögum og strákar á fimmtudögum á 1/3 velli. Í heildina eru þetta 21 iðkandi en 19 hafa sótt keppnismótið sem haldin eru. Árið hefur verið

viðburðaríkt hjá okkar deild og var strax í byrjun janúar haldið á fyrsta mótið til Siglufjarðar á Norðurlandsmót 2022 sem bocciafélagið Snerpa hélt. Árlega Húsavíkurmótið okkar var haldið í mars og þökkum við fyrirtækjum og einstaklingum fyrir þátttökuna því þetta er okkar helsta fjárflokkur. Húsavíkormeistarar árið 2023 voru þeir félagar Ólafur Karlsson og Jónas Emilsson en þeir kalla sig Pizzakokkana. Bryndís Edda Benediktsdóttir fékk hvatningarbikar Íþróttafélags fatlaðra fyrir árið 2022 sem var afhentur þá. Einnig voru Agli Olgeirssyni og Kristínu Magnúsdóttur þakkað fyrir allt sem þau hafa gert og unnið fyrir bocciadeildina en það eru ófár stundirnar og ferðirnar sem þau hafa farið í með okkar félögum.

Í lok mars förum við á Íslandsmótið í sveitakeppni sem haldið var í Laugardagshöllinni. Lagt var af stað að morgni föstudags og komið heim seinnipart mánudags því að loknu hverju Íslandsmóti er haldið lokahófi á sunnudagskvöldi og því gist þrjár nætur á hóteli. Þetta er ekki hægt að gera nema með frábæru starfsfólki sem við í deildinni viljum þakka kærlega fyrir alla aðstoðina. Aron Fannar Skarphéðinsson, Ólafur Karlsson og Sigurður Haukur Vilhjálmsson unnu 2. deildina en í 3. sæti í sömu deild urðu Kristbjörn Óskarsson, Kristín Smith og Kristófer Ástvaldsson en hann kemur frá Viljanum Seyðisfirði en keppir með Völsungi á sveitamóti. Hængsmótið var í byrjun mars á Akureyri og er haldið af Kiwanisklúbbnum Hæng og endar á lokahófi. Ekki komum við heim með nein verðlaun en munaði litlu. Eftir þetta mót er svo farið í sumarfrí.

Bocciadeildin átti keppanda á Special Olympics World games í Berlín í sumar en Hildur Sigurgeirsdóttir var valin til að fara fyrir hönd Íslands og einnig Birgir Viðarsson sem kemur úr bocciadeild Suðra á Selfossi. Var þessi upplifun stórkostleg í alla staði og utanhaldið frábært. Hildur stóð sig einstaklega vel og vann bronsverðlaun í einstaklingskeppni í sínum riðli en það er raðað eftir styrkleika í riðla svo að keppnin verði sem jöfnust. Hildur og Birgir unnu svo aftur til bronsverðlauna í sínum styrkleika sem er frábær árangur hjá þeim.

Í september héldum við í Völsungi Norðurlandsmót 2023 og áttum við Norðurlandsmeistara í þetta skiptið þá Kristbjörn Óskarsson og Einar Baldvinsson og í 3. sæti voru Sigurður Haukur Vilhjálmsson og Kristín Smith. Að lokum var svo haldið lokahófi á Fosshótel með dansleik og tilheyrandi stuði. Viljum við í deildinni þakka Kiwanismönnum fyrir að standa að dómgæslu á þessu móti því ekki er hægt að halda mót án hennar. Við enduðum svo bocciatímabilið árið 2023 með því að fara á Íslandsmótið í einliðaleik á Sauðakrók í október. Aron Fannar Skarphéðinsson varð í 3. sæti í 2. deild og nýliðarnir okkar Sindri Gauksson í 2. sæti í 6. deild og Sigþór Orri Arnarson hafnaði í 4. sæti í sömu deild eftir harða baráttu um 3. sætið. Allir Völsungar stóðu sig einstaklega vel í öllum deildum en þessi mót verða alltaf meira og meira krefjandi með topp spilurum.



BJJ Brasilískt JuJitzu

Nú er þriðja starfsári glímunnar að ljúka og óhætt að segja að uppgangur íþróttarinnar sé talsverður, bæði hér á Húsavík sem og víðar á landinu. Iðkendahópurinn stækkar hægt en örugglega og þegar best lætur getur verið ansi þétt skipað á dýnunum. Þröngt mega sáttrir sitja sagði einhver. Æft er fjórum sinnum í viku og því engin furða að iðkendur taki hröðum framförum. Nú eru bláu beltin innan deildarinnar orðin sjö talsins og fjöldi iðkenda er á góðri leið með að ná þeim árangri líka. Glímudeildin á í góðu samstarfi við klúbba víðsvegar á landinu og fékk fjölda gestþjálfara í heimsókn á árinu. Keppendur frá deildinni náðu góðum árangri á mótum á árinu, nú síðast á Íslandsmeistaramóti BJÍ í Reykjavík, en tvær medaljur í kvennaflokkum komu með norður. Deildin ætlar sér stóra hluti á nýju ári og stefnan er sett á að stækka og breikka iðkendahópin enn frekar. Það má með sannri segja að framtíð glímunnar á Húsavík sé björt!

Knattspyrna - yngri flokkar

Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar Völsungs heldur utan um yngri flokka félagsins. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningu þjálfara. Ráðið er skipað þremur til fimm fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu. Nú skipa ráðið Berglind Jóna Þorláksdóttir, Freyr Ingólfsson, Rúnar Traustason og Sólveig Ása Arnarsdóttir. Þá situr framkvæmdarstjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn. Einnig situr yfirþjálfari yngri flokka í knattspyrnu fundi ráðsins. Þau Benedikt Þór Jakobsson, Guðrún Þórhildur Emilsdóttir og Valgeir Sigurðsson létu af störfum úr barna- og unglingaráði á árinu og kunnum við þeim bestu þakkið fyrir öflugt og óeigingjarnt starf í þágu barnanna okkar.

Þau Elmar Örn Guðmundsson, Linda Birgisdóttir, Óskar Páll Davíðsson og Santiago Feuillassier stóðu vaktina af miklum myndarbrag frá áramótum og út sumarið. Á haustdögum urðu töluverðar breytingar á þjálfurum en Elmar Örn, Linda og Santiago héldu öll á önnur mið og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra starf í þjálfun. Nýir aðalþjálfarar eru Arnar Pálmi Kristjánsson, Árdís Rún Þráinsdóttir, Bjarki Baldvinsson, Hildur Anna Brynjarsdóttir ásamt því að Óskar Páll Davíðsson heldur áfram þjálfun. Einnig starfa við þjálfun Tryggi Grani, Arnar Kári, Tómas Bjarni, Davíð Leó, Aron Bjarki og Jakob Gunnar. Við erum afskaplega stolt af þessu teymi sem stóð sig svo frábærlega á árinu. Það eru klár forréttindi að hafa svona duglegt, áhugasamt og hæft fólk í okkar röðum. Birkir Örn Kristjánsson í Smiðjunni sá um styrktarþjálfun fyrir yngri flokkana í ár og gerði það vel.

Barna- og unglingaráð er virkilega ánægt með samstarfið.

Starfið hefur farið fram af krafti á árinu og hafa krakkarnir okkar ferðast um allt land á mót og í leiki þar sem þau voru félaginu okkar til sóma hvert sem þau komu. Þeim iðkendum Völsungs sem voru valin í landsliðverkefni á árinu óskum við innilega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að sjá fjölga í þeim hópi á komandi árum.

Völsungsmótið var haldið í lok ágúst og gekk það afar vel. Nýtt fyrirkomulag var prufað þar sem fyrirtæki í bænum styrktu mótið ýmist með því að kaupa velli, kaupa mótsgjöf, merkja velli eða með öðrum hætti og þökkum við styrktaraðilum sérstaklega vel fyrir þeirra aðkomu. Mótið í ár var það stærsta frá upphafi með um 900 skráða keppendur í 162 liðum. Spilað var á 16 völlum á þessu dagsmóti sem einnig er mesti fjöldi valla sem settir hafa verið upp. Mótið er dagsmót sem haldið er fyrir 8., 7. og 6. flokk stráka og stelpna og komu lið víða af Norður- og Austurlandi. Norðurþing bauð svo keppendum frítt í sund að móti loknu. Skipuð var sér mótsnefnd sem hafði veg og vanda að undirbúningi ásamt Barna- og unglingaráði, framkvæmdastjóra Völsungs og fleirum góðum Völsungum. Mótið var vel skipulagt og gekk vel í alla staði. Slíkt mót er ekki hægt að halda án stuðnings foreldra og annarra sjálfbæðaliða sem komu að uppsetningu og frágangi mótsins, tóku sjoppu- og grillvaktir eða dæmdu leiki. Það var frábært að sjá hversu margir voru viljugir að hjálpa til og aðstoða. Hagnaður Völsungsmótsins er nýttur í rekstur og búnaðarkaup fyrir barna- og unglingaliðin okkar. Samþætting skóla- og tómstundarstarfs var áfram starfandi á árinu og gekk það afskaplega vel. Við erum strax farin að sjá fjölgun í þeim árgöngum sem gengu upp úr verkefninu.

Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskóli Völsungs fyrir börn á leikskólaaldri hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Iðkendahópurinn hefur verið stöðugur síðustu annir, á bilinu 50-80 börn skráð og mikið fjör í tímum hjá okkur. Vegna fjölda barna höfum við verið með þrjá hóp á laugardagsmorgnum og skipt í hóp eftir aldri. Í tímunum vinnum við mikið með samhæfingu, styrk, úthald og leikgleði ásamt því að kynna fyrir börnunum ýmsa leiki og íþróttagreinar. Það er alltaf gaman að sjá börnin taka fyrstu skrefin í íþróttahöllinni með foreldrum sínum, fylgja þeim í gegnum leiki og æfingar og sjá þau bæta hreyfifærni, styrk og þol. Óvenju mikil dagskrá hefur verið í íþróttahöllinni á haustönn og því höfum við þurft að fella niður tíma. Crossfit-stöðin á Húsavík bauð okkur afnot af aðstöðunni sinni og héldum við einn tíma þar við góðar undirtektir barnanna og gaman að fá að prófa aðstöðuna. Við þökkum þeim kærlega fyrir afnotin.



Hlaupahópurinn Skokki

Hlaupasportíð virtist halda ágætis stöðugleika á Húsavík á árinu 2023. Hlaupahópurinn Skokki sem lengst af hefur verið eini hlaupahópurinn í bænum hafði reyndar hægara um sig en oft áður. Kosturinn við útihlaupin er að þau er hægt að stunda hvar og hvenær sem er og þannig var algengara að sjá fólk hlaupandi á ýmsum tímum frekar en á hefðbundnum æfingatímum fyrri ára. Þó voru nokkrar góðar samverustundir, til að mynda á hrekkjavökuvöldi 31. október þegar að nokkrir liðsmenn skelltu sér hringinn kringum Botnsvatn í frábærum aðstæðum. Meðlimir létu sjá sig í nokkrum keppnishlaupum eins og jafnan. Best var mætingin í Fjögurra skóga hlaupið í Fnjóskadal og Hausthlaup UFA á Akureyri. Hápunktur ársins í hlaupalífinu á Húsavík var klárlega endurvakning Botnsvatnshlaups Landsbankans sem hafði ekki verið haldið frá árinu 2020. Að þessu sinni var framkvæmdastjórn hlaupsins samstarfsverkefni Hlaupahópsins Skokka og Smiðjunnar. Hlaupið var haldið síðdegis á föstudeginum um Mærudaga eða 28. júlí. Skráning fór rólega af stað en fór svo á fullt síðustu dagana fyrir hlaup og að ending mættu 67 hlauparar til leiks í vegalengdirnar tvær (3,3 km og 8,3 km). Í styttri vegalengdinni kom Ísabella Anna Kjartansdóttir fyrst í mark, Matthías Inza Togola varð annar og Harpa Ásgeirsdóttir þriðja. Í 8,3 km hlaupi karla varð Gunnar Árni Hinriksson hlutskarpastur, Benedikt Viðarsson varð annar og Heiðar Hrafn Halldórsson þriðji. Hjá konunum sigraði Arna Ísold Stefánsdóttir, Ruth Ragnarsdóttir varð önnur og Bergrún Eva Björnsdóttir þriðja. Fyrirnefnd Ruth átti hörkugott hlaupaár, fór víða um land í keppnir og einnig til Kaupamannahafnar í hálfmarabon. Hún endaði jafnan ofarlega í sæti. Það eru áfram mikil tækifæri fólgin í góðri hlaupamenningu á Húsavík. Sumrin og jaðrarnir í kring opna á mikla ævintýraveröld hlaupastíga og slóða sem skipta mörgum tugum kílómetra. Það eru mikil verðmæti fólgin í slíku og fýsilegt að ákveðnum kjarnaleiðum sé vel við haldið. Með því er ýtt undir notkunina hjá göngu-, hlaupa- og hjólríðafólki. Þannig skapast áhugi og eftirspurn sem jafnframt er lýðheilsulega mikilvægt.

Blak

Blakdeild Völsungs býður upp á blakæfingar fyrir allan aldur, frá grunnskóla og upp úr. Innan félagsins eru starfræktir meistaraflokkar karla og kvenna ásamt almenningsblaki fyrir fullorðna og krakkablak. Iðkendur eru í heildina um 70 talsins. Þjálfarar á yfirstandandi keppnistímabili eru kanadíska parið, Kira Sutcliffe og Trey Weinmeier, sem eru yfirþjálfarar ásamt því að sjá um yngstu iðkendur deildarinnar og meistaraflokkana. Þá sér Nikkia Benitez um unglingaflokka kvenna og Hreinn Kári um unglingaflokka karla. Þau Kira og Trey tóku við starfi yfirþjálfara af Tihomir Paunovski sem hóf þjálfun á Laugarvatni núna í haust. Kira og Trey koma úr háskólablakinu í Kanada þar sem Trey var að spila síðasta vetur en Kira að þjálfra. Áður hafðu hún leikið m.a. með Bröndby í dönsku deildinni.

Meistaraflokkur kvenna spilaði í efstu deild Íslandsmótsins á síðasta keppnistímabili eins og undanfarin ár. Liðinu gekk nokkuð vel á tímabilinu undir stjórn þjálfarans, Thiomir og náði m.a. inn í undanúrslit í Kjörísbikarkeppni BLÍ sem og í undanúrslit í Íslandsmóttinu eftir að hafa endað í 4. sæti í deildarkeppninni. Í sumar urðu nokkrar breytingar á leikmannahópnum þar sem þær Ana Rita og Shelby kvöddu

okkur en í staðinn komu til okkar hin kanadíska Kira ásamt hinni ungu Tamara Beerová sem er frá Slóvakíu. Þá gekk Ester Jónsdóttir einnig til liðs við okkur en hún kemur frá Þrótti Fjarðabyggð. Liðið hefur farið ágætlega af stað í deildinni það sem af er hausti og er í harði baráttu við HK um 3. sætið sem gefur rétt á þátttöku í efri kross fyrir úrslita-keppni.

Karlaliðið spilaði í 2. deild á síðasta tímabili og tók þátt í Íslandsmóti U20 þar sem keppt var í fyrsta skipti eftir nýju fyrirkomulagi, blöndu af helgarmótum og heima-/útileikjum. Það er skemmt frá því að segja að liðið varð Íslandsmeistari í báðum þessum keppnum. Sannarlega glæsilegur árangur. Í framhaldi af þessum glæsta árangri var tekin sú ákvörðun að skrá liðið í efstu deild Íslandsmótsins fyrir yfirstandandi tímabil þar sem liðið spilar nú. Ákveðið var að styrkja hópinn fyrir baráttuna í deild þeirra bestu og komu tveir erlendir leikmenn til liðs við okkur í haust, Trey frá Kanada og Marcel Pospiech frá Póllandi. Eins og gefur að skilja er liðið, og ungir leikmenn þess, enn að aðlagast hraðanum og gæðunum í efstu deild en hefur átt fína leiki það sem af er móti.



Völsungur átti fulltrúa í fjölmörgum landsliðsverkefnum á árinu. Þau Heiðís Edda Lúðvíksdóttir, Kristey Marín Hallsdóttir, Sigrún Marta Jónsdóttir, Hreinn Kári Ólafsson, Aron Bjarki Kristjánsson og Sigurður Helgi Brynjúlfsson tóku þátt í Evrópumóti smáþjóða í júní með A-landsliðum Íslands í blaki. Voru þetta fyrstu leikir þeirra Kristeyjar og Sigrúnar fyrir A-landsliðið kvenna og fyrstu leikir strákanna fyrir A-landslið karla. Þess má geta að kvennalandslíðið stóð uppi sem sigurvegari í kvennakeppninni. Þá átti Völsungur fulltrúa í U19 karla Aron, Hrein og Sigurð, U19 kvenna Sigrúnu, Kristey og Heiðísi og U17 karla Aron, Hörð Mar Jónsson og Jón Andra Hnikarrsson.

Í yngri flokkum var starfið öflugt eins og síðustu ár. Haldin voru héraðsmót á Norðurlandi ásamt því að félagið sendi nokkur lið til þátttöku í Íslandsmóti að hausti, Bikarmóti BLÍ í janúar og Íslandsmóti að vori sem stóðu sig vel og náðu tveimur Bikarmeistaratitlum og tveimur Íslandsmeistaratitlum. Í haust tóku svo nokkrir iðkendur þátt í afreksbúðum BLÍ bæði í Mosfellsbæ sem og á Akureyri.

Stærsta verkefnið í almennings- og öldungablakinu var án efa þátttaka Völsungs í mótahaldi Öldungamóts BLÍ, Valormóttinu, sem haldið var á Akureyri og Húsavík í byrjun maí. Þar unnu Völsungar baki brotnu í samstarfi við KA við undirbúning og framkvæmd mótsins sem tókst með glæsibrag. Slíkt mótahald er gríðarlega mikilvæg fjárflyun fyrir félag eins og okkar og væri gríðarlega gott að koma að fram-

kvæmd svona móts með reglulegu millibili til að auðvelda rekstur blakdeildar. Þetta er samt mikil vinna og mikilvægt að fá alla með í slíkt verkefni, hvort sem það eru öldungar, leikmenn meistaraflokka og yngri flokka eða foreldrar, fjölskylda og vinir. Það er því gott að hafa það í huga næst þegar þetta tækifæri býðst. Völsungur hélt einnig sitt árlega Nýársmót í byrjun janúar sem tókst mjög vel.

Eins og sjá má á þessari samantekt þá er starf deildarinnar í miklum blóma og nóg um að vera á flestum vígstöðum. Stuðningur fyrirtækja og einstaklinga hefur verið góður og þökkum við kærlega fyrir samstarfið og aðstoðina sem okkur hefur verið veitt. Starfið heldur áfram og framundan eru ýmis mót og leikir og treystum við á að Húsvíkingar og nærsveitarfólk standi áfram við bakið á blakdeildinni og haldi áfram að mæta á heimaleiki, hvetji og styðji okkar fólk.

Sund

Á vordögum var haldið sundnámskeið í sundlaug Húsavíkur fyrir þrjá elstu leikskólaárgangana og sóttu rúmlega 60 börn námskeiðið. Kennt var í sex aldursskiptum hópum og var hverjum hópi kennt í 30 mínútur í senn, alls átta skipti. Markmiðið með námskeiðinu var fyrst og fremst að börnin myndu öðlast öryggi og vellíðan í vatni í gegnum margvíslega leiki en einnig var unnið markvisst með flot og köfun og grunnsundtækni, allt eftir þroska og getu hvers hóps. Til að vinna að markmiðum námskeiðsins með börnunum var m.a. notast við flotnúðlur, korka, flotdýnur og ýmislegt köfunardót. Námskeiðið var skipulagt þannig að börnin komu í fylgd forráðamanna sem aðstoðuðu þau í gegnum sundklefana og tóku kennarar við börnunum ofan í lauginni ásamt aðstoðarmönnum en við höfum verið svo lánsöm að vera í samstarfi við vinnuskólann og fengið duglega krakka til liðs við okkur. Í sumar aðstoðuðu Jón Helgi, Karen Linda, Jón Stefán og Arnrun Eva okkur. Við þökkum bæði þessum flottu krökkum og Norðurþingi fyrir aðstoðina við námskeiðið. Það var afar ánægjulegt að vinna með börnunum á námskeiðinu, bæði að upplifa gleðina og hugrekkið sem einkenndi þau og einnig að sjá hvernig öryggið og færnin jókst með hverjum tímanum. Mörg börn voru að koma á sitt fyrsta sundnámskeið en önnur að ljúka sínu þriðja námskeiði en öll tóku þau framförum, hvert á sinn hátt. Flest voru farin að kafa og mörg voru farin að geta bjargað sér með sundtökum nokkra metra á grunnu lauginni. Leikskólasundið kemur sér vel þegar kemur að því að fara í grunnskóla og skólasund því við vitum að þau börn sem hafa verið hjá okkur á námskeiði koma vel undirbúin fyrir fyrsta árið í skólasundi. Við þökkum sundnemendum okkar og foreldrum fyrir ánægjulega samveru í sundlauginni í sumar og hlökkum til að taka á móti gömlum og nýjum sundnemendum næsta vor.

Hjól

Árið 2023 var nokkuð yfirgrípsmikið hjá hjólreiðadeild Völsungs 640MTB og var félagið með margar hugmyndir, ekki náðist að framkvæma allt en við náðum að byrja á Stallasvæðinu eftir að hafa farið í gegnum hönnunarferli og ráðleggingar. Svæðið var afmarkað og gerðar þrjár leiðir niður í gegn með hoppum og skoppum. Einnig var gerð slóð niður á svæðið ofan frá efsta staur gömlu skíðalyftunnar sem tengir svæðið frá bænum í gegnum Auðbrekku og frá veginum um Húsavíkurfjall. Planið er að smíða tvö mishá dropp og erum við búnir að afla okkur alls efnis í þá vö-

undarsmíði. Unnið verður við það í vetur að koma þeim hluta saman og setja svo upp vorið 2024 en búið er að gera allt aðgengi, lendingu ásamt tveimur skemmtilegum beygjum sem tengjast þessu. Einnig er stefnt á að smíða jafnvægisbraut úr timbri sem verður tengd svæðinu.



Lágmarksviðhald var á sjálfri enduro brautinni en hún var yfirfarin til að hafa hana örugga og í lagi. Slegið var meðfram henni og merkingar lagaðar. Planið fyrir næsta ár er að taka hana í gegn og gera talsverðar endurbætur. Tengivegur frá Botnsvatni varð svolítið útundan en hann verður betrumbættur á næstkomandi sumri. Áætlað er að tengja slóða frá girðingarhorni við Krubb yfir að Meyjarskarði en þar opnast frábær viðbót sem er hringur sem tenging frá bænum, um Húsavíkurfjall, Krubb og brautina.

Í vor var frumsýnd heimildarmynd sem Kanadabúinn og atvinnuhjólariinn Mark Matthews gerði ásamt samlöndum sínum, kvikmyndatökumanninum Scott Bell og ljósmyndaranum Bruno Long. Við fengum að taka þátt í þessu sem var gríðar gaman og mikil auglýsing fyrir svæðið. Einnig kom Kuldi.net í sumar og setti upp skemmtilegan viðburð upp við Stalla þar sem þeir komu með hjól frá Nukeproof til prufu og kom fjöldi fólks til að prófa og hafa gaman. Þetta var fyrsta árið sem við settum á félagsgjöld sem skiluðu sér ágætlega og kemur það sér mjög vel til að hægt sé að halda áfram þessu starfi á fullu. Ekkert af þessu væri hægt nema hafa gott fólk í þessum með okkur og viljum við þakka Norðurþingi fyrir mjög farsælt samstarf ásamt Vinnuvélum Eyþórs og Höfðavélum.

Fimleikar

Erfitt hefur verið að halda úti starfsemi fimleikadeildarinnar í ár en áhugi barnanna er til staðar og það er drifkrafturinn sem hvetur stjórn fimleikadeildarinnar áfram í að halda æfingum gangandi. Erfitt hefur verið að ráða þjálfara og að fá foreldra í stjórn. Mikil vinna hefur verið lögð á fáar hendur. Fyrir nokkrum vikum sendum við út ákall um hjálp sem var vel svarað. Við erum komin með fimm aðila sem hafa áhuga að þjálfra fimleika og fjóra foreldra sem eru tilbúnir að koma og vera okkur innan handa í stjórn. Samþættingarverkefnið hefur það í för með sér að stór hópur barna á aldrinum 4-7 ára er að æfa og þar liggja tækifæri okkar til að kynna og vekja áhuga barna á fimleikum. Þetta hefur borið árangur og æfa nú um 20 börn fimleika í elsta hópnum.

Í febrúar gafst okkur tækifæri til að fara á æfingu hjá fimleikafélagi Hattar á Egilstöðum. Vel var tekið á móti okkur og börnin alsæl að fá að æfa í frábæru nýju fimleikahúsi með öllum áhöldum sem til þarf við æfingar. Það hefur reynst okkur vel að halda vorsýningu og sýningin á þessu ári var ekki nein undantekning. Þátttaka þeirra barna sem æfa fimleika í gegnum samþættinguna var góð en þau fengu að velja hvort þau vildu taka þátt eða ekki. Þátttaka eldri barnanna var mjög góð og allir stóðu sig vel og voru til fyrirmyndar. Í þetta sinn vorum við ekki í samstarfi við tónslistar-

skólann en sýningin tókst í alla staði vel og nemendur sýndu það sem þeir höfðu lært um veturinn.

Við viljum þakka þjálfurunum fyrir samstarfið á liðnu ári en það eru Natascha Christina Damen, Magdalena Orlinska, Sara Kristín Smáradóttir og Klaudia Dabrowska. Einnig þökkum við Iolanda Simões Fernandes, Dagnýju Önnu Laufeyjardóttur og Aga Kalemba fyrir aðstoðina og þjálfunina á síðustu árum.

Skíðaganga

Síðastliðinn vetur var aðeins að stríða okkur skíðagöngufólki svona rétt í byrjun nýs árs með leiðinda „lágarenningi“ fyrstu vikunnar. Fyrstu brautir voru gerðar upp á Reykjaheiði (Skíðasvæði Norðurþings) í desember og var hægt að ganga við ágæt skilyrði, eftir lágarenninginn fram yfir páska. Þá er gaman að sjá að það eru alltaf fleiri og fleiri sem nýta sér göngubrautir á Reykjaheiði, bæði heimafólk og gestir. Buch – Orkugangan var haldin 8. apríl, sem var laugardagurinn um páska sem er nýtt. Gangan var haldin á skíðasvæðinu okkar í dásamlega góðu veðri. Fullt af frábærum sjálfbóðaliðum lögðu hönd á plóg til að láta þetta nú allt saman ganga upp og tókst það aldeilis bærilega. Brautirnar voru lagðar í flotta hringi með „beygjum, brekkum og brú“ og var keppt í 5, 10 og 20 km göngu. Rétt um 100 manns á öllum aldri og alls staðar af á landinu tóku þátt í göngunni og skemmtu sér alveg ljómandi vel. Buch-Orkugangan er hluti af Íslandsgöngunni sem er í gangi um allt Ísland. Þeir sem vilja sameina skíðagöngu með því að heimsækja önnur skíðasvæði á Íslandi og skemmta sér, eru hjartanlega velkomnir að taka þátt í öðrum hlutum Íslandsgöngunnar. Það skiptir ekki máli hversu góður eða hvaða reynsla þú hefur af gönguskiðum – þetta er fyrir alla.

Í nokkurn tíma hafa menn verið að huga að lýsingu á svæðinu í kringum „kofann“ okkar og núna í haust hefur verið unnið að uppsetning á kösturum og fleiru í samvinnu við Norðurþing. Áætlað er að fara rólega af stað, þetta yrði kannski 1-2 km spor sem væri hægt að ganga í vonandi þokkalegri birtu.

Knattspyrna - meistaraflokkar

Knattspyrnuráð karla og kvenna voru sameinuð í eitt ráð í upphafi árs, að sumu leyti til að vera ekki að vinna tvöföld verk en líka vegna manneklu. Það var og er þó hugur í ráðinu og var Aðalsteinn Jóhann Friðriksson ráðinn þjálfari meistaraflokks karla samhliða því að vera þjálfari meistaraflokks kvenna. Það var ný nálgun svona í seinni tíð og stóð Alli sig vel með liðin þrátt fyrir mikið álag og ferðalög. Bjarki Baldvinsson var ráðinn Alla til aðstoðar karla megin en því miður fannst enginn kvenna megin.

Völsungur og Þór/KA gerðu með sér á vordögum samkomulag um samstarf félaganna. Samstarf þetta felur meðal annars í sér að ungir og efnilegir leikmenn kvennaliðs Þórs/KA geta komið á láni til Völsungs og þannig fengið smjörþef af meistaraflokksbolta sem hjálpar báðum félögum. Samstarfið felur í sér ýmislegt fleira t.d. þá geta þjálfarar Völsungs kynnt sér starf Þórs/KA og fylgst með undirbúningi liðsins í Bestu deild kvenna og þá geta ungir og efnilegir leikmenn mátað sig við herra getustig og fengið að koma inn á æfingar hjá Þór/KA. Þetta fyrsta samstarfsár félaganna var gott og vonandi getum við framlengt það, öllum til heilla.

Vetrar- og vormótin gáfu nauðsynlegar mínútur í okkar reynslulitlu leikmannahópa. Kvennaliðið okkar vann frábæran Lengjubikarstitil, rétt fyrir deildarkeppnina, fyrir fullri brekku á Húsavíkurvelli eftir vítaspyrnukeppni gegn Fjölni. Við tefldum fram gríðarlega ungum liðum í báðum meistaraflokkum þetta árið og liðin okkar stóðu sig vel. Fullt af sigurum unnust og við byggðum grunn sem við ætlum okkur að byggja áfram á. Strákarnir okkar voru með næst yngsta meðalaldurinn í 2. deild í sumar. Mikil reynsla sem menn lögðu inn í bankann fyrir framhaldið. Stöðugleiki var sennilega okkar verstí óvinur í sumar en það kemur allt.



Bjarki Baldvinsson náði því magnaða afreki að leika sinn 300. leik fyrir meistaraflokk Völsungs og er það ótrúlegt afrek. Við hér með ítrekum þakkinar til Bjarka fyrir sitt framlag til knattspyrnunnar á Húsavík. Fyrirliðar karla- og kvennaliðanna, þau Arnar Pálmi Kristjánsson og Árdís Rún Þráinsdóttir, afrekuðu bæði að spila sinn 100. leik fyrir meistaraflokka Völsungs þrátt fyrir ungan aldur sinn og eiga þau bæði mikið hrós skilið fyrir sitt framlag. Bestu leikmenn meistaraflokka árið 2023 voru Arnar Pálmi Kristjánsson og Hildur Anna Brynjarsdóttir. Efnilegustu leikmenn meistaraflokka árið 2023 voru Jakob Gunnar Sigurðsson og Halla Bríet Kristjánsdóttir. Völsungar ársins 2023 voru Einar Ísfjörð Sigurpálsson og Árdís Rún Þráinsdóttir. Við þökkum leikmönnum, sjálfbóðaliðum og Völsungum öllum sérstaklega fyrir sumarið. Við hlökkum mikið til fótboltasumarsins 2024!

Íþróttafélagið Þingeyingur

Aðalfundur Íþróttafélagsins Þingeyings var haldinn í matsal Fjallalambs fimmtudaginn 11. maí. Sætaskipti urðu þegar Brynjar Þór Vigfússon tók við sem formaður en Róbert Karl Boulter steig þar til hliðar og tók við sem ritari af Brynjari. Matthildur Dögg Jónsdóttir hélt áfram sem gjaldkeri. Halldís Gríma Halldórsdóttir hætti og í staðinn kom Ómar Gunnarsson, og Guðrún Lilja Curtis situr áfram sem aðalmaður. Varamenn voru kjörnir Jónas Þór Viðarsson og Jóhannes Guðmundsson.

Ekki voru haldnar reglulegar æfingar á vorönn þar sem þjálfara vantaði. Var auglýst reglulega án árangurs. Yfir sumarið voru þó haldnar nokkrar stakar æfingar og má þar nefna Komdu í fótbolta með Mola sem var haldin 5. júlí á Dúddavelli og mættu þar 14 krakkar. Sameiginleg æfing með nágrannafélögum í HSB var haldin 19 júní. Var æfingin haldin á íþróttavellinum í Lundi og þóttist heppnast vel. Á sólstöðuhátíðinni á Kópaskeri 24. júní var ÍP með viðburð

þar sem boðið var uppá ýmsa leiki fyrir ungmenni sem var vel sótt. Ásbyrgismótið var haldið 7.-8. júlí og var það sett upp eins og æfingarbúðir líkt og undanfarin ár. Var vel mætt frá nágrönum okkar á Raufarhöfn og Þórshöfn og þónokkur hópur frá Þingeyingi. Keypt voru ný færarleg fót-boltamörk sem hægt verður að nota á næstu árum. Moli mætti á föstudeginum og var með skemmtimót í fótbolta og Sigurbjörn frá Langnesingum sá um æfingar á laugar-deginum.

Dagana 28. og 29. nóvember kom Guðrún Huld frá dans-skólanum STEPS á Akureyri og hélt námskeið fyrir ungmenni og fullorðna í ýmskonar dansi. Var námskeiðið vel sótt af svæðinu og þóttist heppnast vel. Óreglulegar æfingar voru í badminton í Lundi á haustönn. Brennsla og styrkur eru æfingar þar sem konur koma saman í Lundi á mánudögum með það að markmiði að auka styrk og brennslu. Hefur sá hópur farið stækkandi en um 6 konur mynda kjarnann.

Iðkendur ungir sem eldri hafa nýtt nágrannafélögin sín vel. Hafa ungmenni fengið að fara með félögum á mót og sótt æfingar og viðburði á vegum félaganna. Þrjár konur sóttu grunnnámskeið í crossfit til Húsavíkur og æfðu í Lundi eftir það námskeið og tvær sóttu reglulega blakæfingar á Þórshöfn. Er allt slíkt samstarf mikilvægt í litlum félögum þar sem áhuginn er mismunandi. Á haustdögum var farið að vinna uppsetningu á líkamsræktaraðstöðu í íþróttahúsinu í Lundi. Var litla salnum breytt í sérstaka aðstöðu með tækjum og tólum. Fékkst ríkulegur styrkur frá Umf. Leif heppna til tækjakaupa og frá Norðurþingi í formi vinnu og efniskaupa til breytinga. Er þeim báðum þakkað vel fyrir sinn hlut sem á eftir að koma félagsmönnum ÍP og íbúum svæðisins vel. Er ÍP með aðstöðuna á leigu frá Norðurþingi og leigir síðan áfram til notenda. Í desember var loksins undirritaður samstarfsamningur við Norðurþing sem unnið hafði verið að á árinu og mun hann nýtast vel í komandi starfi félagsins.

Brynjar Þór Vigfússon, formaður

Mývetningur – íþrótt- og ungmennafélag

Um áramótin voru skráðir félagar í Mývetning 209. Í stjórn félagsins sátu Anton Freyr Birgisson (formaður), Jóhanna Jóhannesdóttir (gjaldkeri), Linda Björk Árnadóttir (ritari), Hallgrímur Páll Leifsson (meðstjórnandi), Alejandro Herrero Palacio (meðstjórnandi), Sandra Haraldsdóttir (varamaður) og Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir (varamaður). Haldnir voru 14 stjórnarfundir á árinu og aðalfundur félagsins var haldinn 23. mars 2023 á Sel-hótel Mývatni.

Í upphafi ársins 2023 hófust skíðaæfingar að nýju og kom þar saman kraftmikill hópur skíðaiðkenda. Þjálfarar voru Hallgrímur Páll Leifsson, Arnþrúður Anna Jónsdóttir, Þórhalla Bergey Jónsdóttir og Skarphéðinn Reynir Jónsson. Æfingar voru þrisvar í viku og skíðasvæðið opið fyrir alla á meðan æfingar voru. Farið var í æfingaferð í Stafdal þar sem

gist var 2 nætur á Egilsstöðum. Í apríl voru Guffaleikarnir haldnir í Kröflu og svo var farið á Andrésarleikana í Hlíðar-fjalli sem var endapunktur skíðavertíðarinnar þetta vorið. Á vorönn var einnig boðið upp á klifur sem Alejandro Herrero Palacio þjálfaði og frjalsar sem Aðalbjörg Birgisdóttir og Sandra Haraldsdóttir þjálfuðu. Ásamt því voru opnir klifur-tímar og körfuboltakvöld einu sinni í viku í boði Mývetnings.

Konurnar okkar í blakinu héldu áfram að æfa tvisvar í viku undir leiðsögn Lorenzo Ciancio. Þær kepptu á fimm hrað-mótum áður en tímabilinu lauk með keppni á Öldunga-mótinu sem fór fram á Akureyri og Húsavík. Þar tóku þátt með lið í 5. deild og 9. deild og stóðu sig með ágætum.

Í sumarbyrjun fór Hraunhlaupið og Mývatnsmaraðon fram með hefðbundnu sniði en Mývatnsshringurinn var ekki hald-inn vegna veðurs. Var þátttaka með besta móti, sérstaklega gaman var að sjá fjölda heimamanna taka þátt í þessum keppnum. Sumrinu var skipt upp í tvö æfingatímabil. Fyrri tímabilið var frá 5. - 30. júní og seinna tímabilið var 31. júlí - 21. ágúst. Í boði voru eftirtaldar æfingar fyrir iðkendur fædda 2010-2017. Frjalsar íþróttir, þjálfarar Aðalbjörg Birgisdóttir og Sandra Haraldsdóttir. Fimleikar, þjálfari Katharina Jóhannesdóttir. Klifur, þjálfari Alejandro Herrero Palacio. Aðstoðarþjálfarar á þessum æfingum voru Rut Guð-mundsdóttir og Amelia Ásdís Kozaczek. Fótbolti, þjálfarar Jóhanna Jóhannesdóttir og Hannes Lárus Hjálmarsson.

Stór hópur iðkenda í frjálsum íþróttum tóku þátt í Sumar-leikum HSP á Laugavelli. Krakkarnir stóðu sig mjög vel og höfðu gaman af. Eins var farið einn dag á æfingu í Lundi þar við hittum fyrir iðkendur frá Eflingu og Þórshöfn og tókum saman æfingu sem endaði með grillveislu.

Með haustinu tóku við fótbolta-, og frjálsíþróttæfingar. Í byrjun voru líka klifuræfingar en þær féllu því miður niður þegar Alejandro Herrero Palacio lét af störfum sem þjálfari. Aðalbjörg Birgisdóttir þjálfaði frjalsar tvisvar í viku. Yngri hóp á þriðjudögum á frístundartíma og eldri hóp á fimmtu-dögum beint eftir skóla. Francesco Battistella þjálfaði fót-bolta mánudaga, fimmtudaga og laugardaga. Yngri hópur var í fótbolta á mánudögum á frístundartíma og eldri hópur æfði eftir skóla.

Mývetningur réðist í ýmis verkefni á árinu samhliða þessu öflugra starfi. Haldin voru páskabingó og jólabingó með aðeins breyttu sniði. Í stað þess að sækja vinninga eingöngu til fyrirtækja lagði Mývetningur einnig fram vinninga og lagði þar með meiri áherslu á samveruna sem bingóin færa okkur í stað fjáröflunar. Á páskabingóinu var þemað páskaegg og voru allir vinningarnir páskaegg. Á jólabingóinu var þemað "njóta saman" og voru vinningarnir gjafapokar með ýmis konar jóladóti, matvælum og drykkjum. Einn góðan seinni-part í júní mætti vaskur hópur fólks á íþróttavöll félagsins og tók til hendinni. Meðal annars voru net löguð í fótoltamörkunum, lögð var tartanbraut við langstökks-gryfjuna og sandi bætt í gryfjuna,



strandblaksvöllurinn var stunginn upp og steinhreinsaður og kasthringir voru hreinsaðir svo e-ð sé nefnt. Þökk sé frábærum fyrirtækjum og einstaklingum höfum við náð að halda áfram uppbyggingarstarfi á skíðasvæðinu okkar í Kröflu.

Félagið fór af stað með verkefnið Fjallahringur Mývetnings í byrjun árs þar sem einstaklingum og fyrirtækjum gefst kostur að vera hluti af verkefni. Með þátttöku í Fjallahringnum geta fyrirtæki og einstaklingar lagt sitt af mörkum til að bæta velsæld starfsmanna og aukið líkur á því að fólki líði vel hér í sveit með því að hjálpa okkur að byggja upp æskulýðsstarf til framtíðar. Sjó fyrirtæki hafa tekið þátt í Fjallahringnum og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Þessi fyrirtæki eru Jarðböðin, Mýflug, Vogafjós, Daddi's pizza, Hótel Laxá, Geo Travel og Héðinn B.

Stjórn félagsins þakkar öllum sem komu að starfi félagsins á árinu 2023 og horfir björtum augum til ársins 2024.

Stjórn Mývetnings

Skákfélagið Goðinn

Starfsárið 2023 var mjög svipað og árin þar á undan. Haldin voru reglubundin skákmót og skákæfingar yfir árið, fyrir utan sumarmánuðina. Þau tímamót urðu í sögu félagsins að loksins tókst A-sveit

Goðans að vinna sig upp úr 4. deild á Íslandsmóti skákfélaga í mars 2023 og hóf taflmennsku í 3. deildinni í október 2023. Ákveðið var að styrkja liðið fyrir baráttuna í 3. deild fyrir tímabilið 2023-34 með því að fá Oleksandr Matlak til liðs við félagið, sem er frá Úkraínu en býr í Englandi. Sú ráðstöfun skilaði því sem vonast var eftir. Taflmennsku í 3. deild lýkur helgina 2.-3. mars 2024 og þá kemur í ljós hvort Goðanum tekst að vinna sig upp í 2. deild sem ýmsir telja vel raunhæft.

Skákþing Goðans fór fram í janúar/febrúar og varð Rúnar Ísleifsson skákmeistari félagsins árið 2023. Rúnar vann þar með titilinn í sjötta skiptið. Enginn annar hefur unnið þann titil oftari í sögu félagsins. Áskell Örn Kárasón (Eflingu) varð héraðsmeistari HSP í skák með minnsta mögulega mun í apríl, en hart var barist um sigurinn á því móti. 16 keppendur tóku þátt í mótinu og þar af nokkrir nýliðar, sem sumir hverjir gengu svo til liðs við Goðann í kjölfarið. Smári Sigurðsson vann sigur á Maíhraðskákmóti Goðans sem fram fór á Vöglum í Fnjóskadal. 15 keppendur tóku þátt í því móti. Héraðsmótið og Maíhraðskákmótið voru tvö fjölmennustu innanfélagsmót Goðans í nokkuð langan tíma.

Skákfélagið Goðinn og Völsungur stóðu sameiginlega að Skákdögum Völsungs í mars/apríl þar sem félagsmenn í Völsungi gátu komið í Vallarhúsið við PCC-völlinn á Húsavík og teft hvor við annan án þess að um keppni væri að ræða. Skákdagar Völsungs tókust ágætlega og hugsanlega verður framhald á þeim. Einnig voru nokkur aukaskákvöld haldin á Grenjaðarstað fyrir áhugasama í nágrenninu.

Að loknu sumarfríi félagsmanna hófst starfsemin aftur í

byrjun september. Smári Sigurðsson vann sigur á Septembermóti Goðans, en Rúnar Ísleifsson varð Atskákmeistari Goðans 2023 í október. Smári Sigurðsson vann síðan Nóvembermót Goðans 2023, Hraðskákmót Goðans 2023 í 8. sinn og síðan vann Smári einnig Jólámót Goðans 2023. Smári vann því sigur á 5 mótum hjá félaginu á árinu 2023 og Rúnar vann tvö mót.

Einn af okkar eldri félagsmönnum, Sigurður Gunnar Daníelsson, lést í október og var hans minnst á vef félagsins. Í fórum hans fannst sigurskák hans við Bent Larsen stórmeistara frá Danmörku, tefld árið 1972 og var hún að sjálfsögðu birt vef félagsins.

Fjölgun félagsmanna heldur áfram og voru 88 félagsmenn í Goðanum í lok árs 2023. 13 skákmenn gengu til liðs við félagið á árinu 2023, sem er mesta fjölgun á einu ári til þessa. Athygli vekur að enginn hefur yfirgefið félagið í nokkur ár, enda leggur félagið metnað sinn í að draga sem flesta að skákborðinu og gera öllum jafnt undir höfði, byrjendum, stiglausum, stigalágum, sem og lengra komnum. Þessi fjölgun félagsmanna gerði Goðanum kleift að stilla upp 3 skáksveitum á Íslandsmóti Skákfélaga tímabilið 2023-24 í fyrsta skipti. A-sveitin teflir í 3. Deild en B og C-sveitirnar tefla áfram í 4. Deild. Til þess þurfti 18 skákmenn sem tefldu á 18 borðum í 4 umferðum, auka varamanna. Einnig skiptir það mjög miklu máli að þó nokkrir félagsmenn hafa flutt suður á bóginn á undanförunum árum og nýtast því vel þegar að Íslandsmóti skákfélaga kemur. Þess má til gamans geta að Skákfélagið Goðinn er 10. fjölmennasta skákfélag landsins og vantar aðeins örfáa í viðbót til að fara fram úr nokkrum öðrum félögum.

Hermann Aðalsteinsson formaður félagsins var gerður að „rating officer“ fyrir Ísland hjá Alþjóða skáksambandinu FIDE á árinu. Einnig tók Hermann við að skrásetja allar nýskráningar og öll félagsskipti Íslenskrar skákmanna í gagnagrunn SÍ fyrir skákfélög á Íslandi hjá Skáksamband Íslands.

Aðalfundur Skákfélagsins Goðans var haldinn 6. Mars 2023. Á fundinum voru samþykkt ný lög fyrir félagið sem þurfti til að uppfylla skilyrði sem þarf til þess að félagið fái skráningu á Almannaheillaskrá hjá Skattinum. Það gekk eftir og Skákfélagið Goðinn var tekið inn á þá skrá síðar á árinu. Stjórn Skákfélagsins Goðans til eins árs var kjörin á fundinum og hana skipa: Hermann Aðalsteinsson formaður, Rúnar Ísleifsson gjaldkeri og Sigurbjörn Ásmundsson ritari.

Hermann Aðalsteinsson, formaður



Skotfélag Húsavíkur

Starfsár Skotfélags Húsavíkur 2023 var frekar rólegt í starfi en mikið í verki. Einhver lægð virðist vera í iðkun haglagreina en ríffilgreinar hafa frekar verið að bæta í.



Framkvæmdir á árinu við nýtt aðstöðuhús héldu áfram á fullum krafti. Dómaraaðstaða var sett upp og frágangur við innréttingar kláraður og leirtau og borðbúnaður keyptur. Einnig voru keyptir kælar/isskápár í eldhús. Ríffilhús fékk smá uppfærslu líka, þar sem gólf var flísalagt að hluta og ljós sett í allt húsið. Undirbúningi að rafmagni og ljósleiðaratengingu við félagsaðstöðuna var áfram haldið með dyggum stuðningi Norðurlands og með drifkrafti félagsmanna tókst að tengja bæði rafmagn og ljósleiðara á árinu. Varmadælur voru keyptar fyrir bæði húsin og þeim komið upp og er nú aðstaðan orðin upphituð allt árið sem opnar á meiri notkun og möguleika að nýta félagsaðstöðuna meira.

Almennar opnanir á báðum völlum voru óvenju fáar þetta árið þar sem illa gekk að manna þær og aðsókn á auglýstar opnanir var mjög léleg. Ríffilvöllur var meira stundaður þar sem menn geta stundað sportið utan almennrar opunar.

Skotfélag Húsavíkur hélt 4 ríffilmót og þar af Íslandsmeistaramót í Bench Rest. Var keppnisárinu startað með páskamóti í Bench Rest 100m. Í byrjun júní var haldið 400m grúbbumót og svo 300m grúbbumót í lok júní. Við enduðum svo keppnisárið með að halda Íslandsmeistaramót í Bench Rest 100 og 200m sem tókst með miklum ágætum svo eftir var tekið.

Á leirdufuvelli var haldið Arctic Shooting mót á vegum Skotfélags Akureyrar og STÍ, mótið var haldið á þremur stöðum Akureyri, Húsavík og Ólafsfirði.

Á haustdögum bauð Skotfélagið starfsfólki Stjórnsýsluhúss Norðurlands í kaffi og kynningu á svæði og starfi félagsins. Með stolti skilar stjórn Skotfélags Húsavíkur af sér starfsárinu 2023 og vonar að komandi starfsár verði öflugt, fjölbreytt og skemmtilegt.

Hallur Þór Hallgrímsson, formaður

Skotíþróttafélag Norðurlands

Starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði á árinu eftir aðalfund félagsins í byrjun sumars, þar sem lögum og uppsetningu stjórnar félagsins var breytt lítillega og staðfært eftir lögum annara félaga og stjórn kosin í samræmi við stærð félagsins. Þá hófst undirbúningur keppenda félagsins fyrir komandi keppnir ársins og þátttöku á heimsmeistaramóti WRABFS (world rimfire and air rifle benchrest federation) í 50BR sem haldið var í Pilsen í Tékklandi. Þar átti félagið tvo keppendur, Rosu Mariu og Kristján sem kepptu fyrir Íslands hönd og var árangur ágætur miðað við



aðstæður til æfinga í sumar. Bæði Rosa og Kristján eru eftir þetta mót flokkuð sem afreksíþróttafólk samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ í sínum greinum m.v. stöðu á heimslista. Rosa og Kristján kepptu einnig í liðakeppni í samstarfi við góða félaga frá SKOTGRUND. Árangur keppenda félagsins hér heima var mjög góður og tveir Íslandsmeistararitlar í höfn. Hafinn er undirbúningur fyrir heimsmeistaramót WBSF (world benchrest shooting federation) sem haldið verður í Valencia á Spáni í September 2024 og einnig er horft til Finnlands 2025 en þar verður WRABFS Heims- og Evrópu-meistaramót 50BR haldið 2025. Tengslamyndun félagsins við erlend skotsambönd og skotfélög hafa aukist til muna eftir þátttöku á stórmótum undanfarin ár. Þessi tengsl eru sterk og mikilvæg og veita þekkingu, vinskapi og hjálpssemi í alla staði.

Kristján Arnarson, formaður

Ungmennafélagið Austri

Ekki voru reglubundnar æfingar á fyrir börn og unglinga á árinu 2023 en UMF Austri greiddi styrk til þeirra sem sóttu æfingar annað. Í júní var boðið upp á sameiginlega íþróttæfingu fyrir börn og unglinga í Lundi sem skipulögð var af íþróttafélögum í Þingeyjarsýslum. Í júlí kom Brynja Dögg Björnsdóttir, nýyrskrifaður íþróttafraeðingur, og var með íþróttæfingar fyrir alla aldurs hópa vikuna 17-21. júlí. Boðið var upp á æfingar fyrir börn og unglinga, eldri borgara og fullorðna. Sannkölluð íþróttavika. Áhugasamir hittust öðru hverju og spiluðu blak, þó ekki reglubundið. Eins og undanfarin ár hafa eldri borgarar á Raufarhöfn verið mjög duglegir að mæta í íþróttahúsið og hreyfa sig saman. Alveg til fyrirmyndar.



Aðalfundur UMF Austra var haldinn 2. maí á Hótel Norðurljósum. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér til endurkjörs. Gunnhildur Hinriksdóttir, framkvæmdarstjóri HSP var gestur á fundinum. UMF Austri skipulagði og hafði umsjón með 17. júní hátíðarhöldum. Seldar voru blöðrur, boðið upp á andlitsmálningu, farið í leiki og boðið upp á grillaða hamborgara og drykki. Moli kom í sumar og átti að venju fjöruga stund með fótboltaunnendum á öllum aldri á pönnuvellinum. Ásbyrgismótið/æfingabúðir var á sínum stað í 7-8. júlí í umsjón UMFL, UMF Austra og íþróttafélagsins Þingeyinga.

UMF Austri átti fulltrúa á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Sauðárkróki í 3.-6. ágúst. Björn Grétar Ríkhartsson keppti í handbolta, fótbolta, pílukasti og bogfimi.

Í stjórn UMF Austra eru:
Birna Björnsdóttir formaður
Olga Friðriksdóttir gjaldkeri
Margrét Sigríður Höskuldsdóttir ritari
Gunnar Páll Baldursson
Karítas Ríkhartsdóttir



Ungmennafélagið Bjarmi

Aðalfundur Bjarma 2023 var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 20. mars 2023. Stjórn Bjarma skipa nú Birna Davíðsdóttir formaður, Sigríður Árdal ritari og Karl Magnússon gjaldkeri. Formenn nefnda frá júní 2022 til júní 2024 eru: Fótoltanefnd: Hannes Sigurðsson, Íþróttanefnd: Úlla Árdal, Ferðapjónustunefnd: Hulda B. Kristjánsdóttir, Vallarnefnd: J. Bjarki Jóhannesson, Húsnefnd: Jón Þ. Óskarsson, Ferðanefnd: Sigrún Jónsdóttir, Spílanefnd: Þuríður Davíðsdóttir, Ballnefnd: Sigríður Árdal og Skíðanefnd: Rúnar Ísleifsson.




Að venju var starf nefnda gott á árinu. Íþróttæfingar voru haldnar í Stórutjarnaskóla þar sem börnum var boðið upp á leikjanámskeið á frístundatíma og krakkablað að loknum skóla. Olga sá um þessar æfingar. Þess má geta að vegna fámennis getur félagið ekki boðið upp á mikla fjölbreytni í æfingum en margir Bjarmafélagar eru sem betur fer duglegir að sækja æfingar í nágrennabyggðir. Á haustmánuðum voru ekki neinar æfingar eftir skóla á vegum Bjarma og helgast það aðallega af góðu framboði æfinga á Akureyri en meira en helmingur nemenda grunnskóladeildar Stórutjarnaskóla stunda æfingar þar. Þar má nefna dansæfingar, fótbolta, körfubolta, handbolta og frjálsar.

Í sumar var leikjanámskeið tvisvar í viku á Bjarmavelli og sá Katla María Kristjánsdóttir ásamt fleirum um námskeiðið. Námskeiðið var mjög vel sótt og mikil ánægja með að hafa það tvisvar í viku. Þá hittust einnig ungmennti og spíluðu fótbolta á fimmtudagskvöldum. Ættarmót og afmæli voru haldin á vellinum og héldum við hefðbundna Bjarmahátíð í ágúst sem tókst með ágætum og var mæting góð. Bjarmi stóð fyrir göngu á Háhljúk í kringum sólstöður og var þokkaleg mæting. Að venju var Björgunarsveitin Þingey með Fjögurraskógahlaup með aðstöðu á vellinum. Hlaupið gekk vel í góðu veðri og var mætingu góð. Ekkert Bjarmaball var haldið á árinu og engin spílaöld en vonir standa til að bæði verði haldi ball og spílað 2024 eða a.m.k. einhverjar skemmtanir á vegum Bjarma.

Stjórnin fundaði nokkrum sinnum bæði formlega og óformlega. Formaður ásamt tveimur öðrum félagsmönnum mættu á Ársþing HSP 26. febrúar 2023 sem haldið var á Grenivík. Þingið var skemmtilegt og áhugavert. Þar fékk meðal annars Kristján I. Jóhannesson loks afhent Gullmerki sem honum hlotnaðist árið 2021 fyrir vel unnin störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Að lokum þökkum við Skógræktinni, Björgunarsveitinni Þingey og HSP fyrir gott samstarf á árinu.

Stjórn Bjarma



Ungmennafélagið Efling



Starf Umf. Eflingar var alveg með ágætum starfsárið 2023. Íþróttæfingar á vegum félagsins hafa verið ágætlega sóttar. Á vorönn var áfram boðið upp á æfingar fyrir grunnskólaaldur í frjálsíþróttum (2x í viku á Laugum, 1x í viku í Ýdölum fyrir yngri iðkendur), körfubolta (1x), sundi (1x), og fótbolta/boltablandi (1x). Þjálfarar voru margir hverjir nemendur framhaldsskólans á Laugum, Óli og Sunna sáu um frjálsar/leiki, Sandra sá um sundið, Óðinn var með körfubolta og Karólína með fótbolta. Gunnhildur Hinriksdóttir sá um frjálsar. Flestir iðkendur áttu þess kost að stunda æfingar a.m.k. tvisvar sinnum í viku. Dalalæðurnar æfðu einnig tvisvar sinnum í viku en Andri Hnikarr Jónsson sá um að þjálfa þær. Yfir sumarið hélt félagið úti æfingum í frjálsíþróttum sem Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir og Gunnhildur sáu um og að auki kom Moli frá KSÍ til okkar í heimsókn eina kvöldstund. Þá skrápp einhver hópur á samæfingu í frjálsum Lundi þar sem komu saman krakkar af HSP-svæðinu.

Við byrjuðum frekar seint í haust með æfingar fyrir börn og unglinga, ekki fyrr en undir lok september. Frjálsar/leikir í Ýdölum voru 1x í viku á skólatíma fyrir 1.-3. bekk undir stjórn Egils Atlasonar og Emils Vilbergssonar og þá bættum við blakæfingum við 1x í viku í Ýdölum fyrir 4.-7. bekk. Þeim stýrðu þau Indriði Ketilsson og Emma Ýr Kristjónsdóttir. Frjálsar fyrir 4. bekk og eldri voru 2x í viku á Laugum undir stjórn Gunnhildar og fótbolta 1x í viku undir stjórn Kristjáns Arnar Sigurðssonar og Odds Freys Gíslasonar. Í haust byrjuðu einnig júdóæfingar á vegum félagsins og hafa Bergþór Pálsson og Arnar Halldórsson stýrt þeim 1x í viku. Dalalæðurnar héldu sínu striki og æfðu 2x í viku, þjálfari er sem fyrr Hnikarr.

Það eru alltaf nokkrir iðkendur sem eru líka virkir keppendur, sérstaklega á það við um frjálsíþróttakrakka og blakara. Af árangri í hinum ýmsu mótum ber fyrst að nefna að við áttum nokkra liðsmenn (Jón Andra og Hjörvar Hnikarrssyni og Odd Frey Gíslason og ætli við getum ekki talið Kristján Benediktsson með líka) í sameiginlegu liði Völsungs/Eflingar sem urðu Íslandsmeistarar í blaki U20 karla tímabilið 2022-2023. Dalalæðurnar tóku þátt í Íslandsmóti BLÍ í 4. deild tímabilið 2022-2023 og lentu þar 4. sætinu í deildinni sem þýðir að þær héldu sæti sínu. Þær hófu aftur leika í deildinni í haust þegar nýtt tímabil hófst, en eitthvað hefur árangurinn látið standa á sér. Öldungamót BLÍ gekk eitthvað upp og ofan hjá Dalalæðunum, á meðan Dalalæður 2 unnu sína deild þá féllu Dalalæður 1 niður um deild.

Frjálsíþróttakrakkar skruppu hingað og þangað á mót, m.a. MÍ 11-14 ára innan- og utanhúss, Akureyrarmót UFA innan- og utanhúss, Sumarleika HSP og unglinga-



landsmót og náðu fjölmörgum persónulegum bætingum og einhverjir náðu á verðlaunapalla. Á MÍ 11-14 ára varð Vilborg Halla í 2. sæti í spjótkaсти 12 ára stúlkna með 21,13m og Hinrik Freyr í 3.-4. sæti í hástökki 14 ára pílta með 1,51m. Okkar fólk tók þátt í fjölmörgum íþróttagreinum á Unglinga-landsmóti og hvetjum við alla sem hafa tök á að taka þátt í því móti, þar er sko eitthvað í boði fyrir alla.



Leikdeildin lifnaði heldur betur við þegar covidinu loksins lauk og frumsýndi verkið Gauragang eftir Ólaf Hauk Símonarson þann 10. febrúar 2023. Höfðu æfingar þá staðið yfir frá því á haustdögum 2022 en þess láðist að geta í síðustu ársskýrslu. Leikstjórn var í höndum Jennýjar Láru Arnórsdóttur og um tónlistarstjórn sá Pétur Ingólfsson. Sýningar voru 12 talsins og leikhúsgestir voru um 720 talsins. Þó nokkrir komu oftar en einu sinni á þetta verk en í stað hefðbundinnar uppsetningar með leik á sviði var dansgólfinu á Breiðumýri breytt í leiksvið og áhorfendur sátu allt um kring. Það var því hægt að upplifa sýninguna á mismunandi hátt eftir því hvar leikhúsgestir sátu í salnum. Hrólfur Jón Pétursson fór með aðalhlutverkið í sýningunni en leikarar voru alls 19 auk fjögurra manna hljómsveitar. Þá eru ótaldir hátt í 20 aðilar sem störfuðu baksviðs s.s. við förðun, búninga, ljós, sýningarstjórn, markaðsmál, leikmynd, ljósmyndun o.fl. Sem fyrr nýtur leikdeildin góðs samstarfs við Kvenfélag Reykdæla sem sér leikhúsgestum



fyrir hressingu sem og nálægðar við Framhaldsskólann á Laugum en fjölmargir leikarar og þátttakendur í verkinu eru nemendur skólans. Þegar tekjur og gjöld leikársins hafa verið tekin saman nam hagnaður af sýningunni rúmum 800 þúsund krónum en leiknefndin var dugleg við söfnun styrkja vegna leiksýningarinnar. Þegar líða tók að vetri fór leikdeildin að huga að sýningu næsta árs og boðaði til fundar um leikstarf. Þar mættu eitthvað um eða yfir 30 aðilar sem höfðu áhuga á þátttöku og þegar þessi orð eru skrifuð er ekki langt þar til að frumsýningu leikverks ársins 2024 kemur undir stjórn Hildar Kristínar Thorstensen. Leiknefnd 2023 skipuðu þau Freydis Anna Arngrímsdóttir, Hörður Þór Benónýsson og Gunnhildur Hinriksdóttir.

Þorablót var á sínum stað í lok janúar. Þangað mættu rétt um 180 manns með þorramat í trogi og nutu skemmtiatriða

í boði þorablótsnefndar. Þorablótsnefndina skipuðu þau Jón Friðrik Benónýsson, Sigurlaug Svavarsdóttir, Olga Marta Einarsdóttir, Hilmar Örn Sævarsson, Robert Statkiewicz og Þorgerður Sigurgeirsdóttir. Hljómsveitin Gourmet spilaði undir dansi og var miðaverðið kr. 3.500. Ágóði af þorablótinu rennur í aðalsjóð Umf. Eflingar og nam upphæðin rétt um 125 þúsund krónum.

Engin 17. júní hátíðahöld voru á íþróttavellinum á Laugum þetta sumarið. Í staðinn hvatti aðalstjórn félagsmenn og aðra íbúa til þess að sameinast á hátíðarhöldum í Skjálbrekku í Mývatnssveit. Þar tókum við höndum saman með Kvenfélagi Mývatnssveitar og aðstoðuðum við að grilla pylsur ofan í mannskapinn. Við lánuðum líka fjallkonubúninginn til Önnu Karenar Unnsteinsdóttur í viðburð sem hán var með á Grenjaðarstað.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 14. mars í Dalakofanum. Góð mæting var á fundinn eða 11 manns. Í stjórn félagsins voru endurkjörin þau Aðalbjörn Jóhannsson sem situr áfram sem formaður og Valgerður Jósefsdóttir meðstjórnandi, Örn Björnsson var kosinn ritari. Áfram sitja þær Bergþóra Kristjánsdóttir meðstjórnandi og Gunnhildur Hinriksdóttir gjaldkeri. Þorablótsnefnd tilnefndi næstu nefnd, þau Kristján Guðmundsson, Agnes Gísladóttir, Valdís Stefánsdóttir, Oddrún Inga Marteinsdóttir, Roman Wenta og Sæmundur Þór Sigurðsson.

Golfvöllurinn á Laugum var opinn eins og síðustu ár og sáu heimamenn um slátt á golfvellið í sjálfböðavinnu í sumar sem fyrri ár. Einhver umferð var á vellinum en ekki var neitt um skipulagða viðburði.

Formaður Umf. Eflingar, Aðalbjörn, stóð fyrir stofnun ungmennaráðs í sumar sem í eru 5 hress ungmenni, Jón Andri, Dagrún, Emma Ýr, Arndís Sara og Jón Aðalsteinn. Þeirra hlutverk er t.d. að vinna að málefnum ungs fólks innan félagsins og vera aðalstjórn Umf. Eflingar ráðgefandi sem og að stuðla að viðburðum og virku félagsstarfi ungs fólks innan félagsins. Þau náðu ekki að funda eins og ætlunin stóð til en laumuðu þó einhverjum hugmyndum að aðalstjórn.

Að lokum viljum við þakka fyrirtækjunum í Skjaldborg Eflingar fyrir stuðninginn á árinu, Jarðböðin, Sparisjóður Suður-Pingeyinga og Framsýn.

Stjórn Umf. Eflingar

Ungmennafélagið Einingin

Félagið fjárfesti í skjávarpa en það vantaði einn slíkan. Hann hefur margvíslegt notagildi m.a. það að hægt er að varpa fjarþjálfun og æfingum á skjá. Þorablót Einingarinnar var haldið í janúar eftir tveggja ára blótshlé. Nokkrir krakkar frá Einingunni æfðu íþróttir í Stórutjarnaskóla sem ungmennafélagið Bjarmi stendur fyrir yfir vetrartímann. Einnig sækja nokkrir krakkar æfingar til Akureyrar allt árið. Fótboltabilliardið var sett aftur upp innandyra í Kiðagili beggja megin sumars við góðar undirtektir. Uppbygging á íþrótt- og afþreyingaraðstöðu á íþróttasvæði félagsins mjakast rólega áfram og



verður haldið áfram með það verkefni. Einingin, í samvinnu við fyrirtæki í Bárðardal, voru með unglinga í vinnu í tengslum við vinnuskóla Þingeyjarsveitar. Þau sinntu meðal annars störfum eins og að slá og snyrta íþróttavöllinn, klippa og snyrta runna, aðstoða við að gera upp og laga búnað o.fl. Einingin, kvenfélagið Hildur í Bárðardal og Kiðagil ákváðu að fara í samstarf með opin kvöld sem hefjast í febrúar 2024. Eins var ákveðið að tími væri kominn til að panta nýjar Einingar húfur og von er á sýnishornum í janúar 2024. Farið var á fundi vegna verkefnisins Bjartur lífsstíll sem snýr að heilsuefningu 60 ára og eldri og er mjög áhugavert verkefni. Sigurlína Tryggvadóttir hætti sem varamaður í stjórn HSB á ársþingi. Í félaginu eru 66 félagsmenn og í stjórn sitja Sigurlína Tryggvadóttir formaður, Jónas Sigurðarson ritari og Erlingur Ingvarsson gjaldkeri.

Sigurlína Tryggvadóttir, formaður

Ungmennafélag Langnesinga

Sigurbjörn Veigar sá um allar æfingar á vorönn '23 og þær æfingar sem boðið var upp á voru fótþolti og leikjaskóli. Sumarönnin tók svo við og sá Sigurbjörn um fótþolta og frjálssar hjá öllum aldri og svo komu Elva og Dagrún Ragnarsdætur inn og sáu um leikjanámskeiðið undir handleiðslu Sigurbjörns. Haustönnin tók svo við og vildum við aðeins hrista upp í þjálfara hópnum og fá meiri fjölbreytni í æfingar. Úr var að boðið var upp á leikjaskóla, frjálsíþróttir, fótþolta og blak. Sigurbjörn sá um leikjaskólann, blakæfingar og fótþoltaæfingar fyrir yngri. Kristján Úlfarsson tók að sér fótþoltaæfingar fyrir eldri iðkendur og Romi og Árni sáu um frjálsíþróttæfingar. Æfingafrí var frá 11. ágúst til 11. september. Stjórnin þakkar öllum þjálfurum á árinu fyrir vel unnin störf.



Okkar árlega UMFL hlaup á sumardaginn fyrsta var á sínum stað og var góð mæting. Á vordögum vorum við með sprellæfingu fyrir iðkendur og foreldra og var það mjög vel heppnað og virkilega skemmtilegt. Félagið stóð fyrir fimleikanámskeiði og var það haldið 10.-11. júní. Dagný Katla og Jóhanna Rannveig komu og voru með 2ja daga námskeið. 20 iðkendur tóku þátt og var það mjög vel heppnað. Einnig voru sameiginlegar blakæfingar með Einherja. Ásbyrgismótið var á sínum stað með æfingabúðasniði og stóð Ungmennafélagið fyrir ratleik á Bryggjudögum og var það vel heppnað.

Nokkur fótþoltamót voru á dagskrá hjá okkar iðkendum og má þar nefna til dæmis Stefnumót KA, Goðamótið, Króksmót, N1 mótið, Íslandsmót, Minningarmót Óðins og Völsungsmótið. Einnig fóru iðkendur frá okkur á blakmót á Húsavík í desember og stóðu þeir sig með þrýði. Grasrótarverkefnið "komdu í fótþolta með Mola" hjá KSÍ kom til okkar í ágúst líkt og árið áður. Hann kom á skólatíma og allir krakkar grunnskólans mættu og höfðu mjög gaman af. Knattspyrnunámskeið hjá Knattspyrnuakademíu Norðurlands var haldið 28.-29 október. Virkilega vel heppnað og

góð þátttaka. Þórólfur Sveinsson hélt námskeiðið.

Fjárafilanir eru stór liður hjá félaginu og skiptir félagið gríðarlega miklu máli. Aðalfjárafilanir félagsins eru dósasöfnun og sala á wc- og eldhúspappír og rækjum og höldum við ótrauð áfram með þær. Við hvetjum hér með foreldra jafnt sem iðkendur til að vera enn öflugri í að mæta í fjárafilanir því margar hendur vinna létt verk og þetta skiptir okkur miklu máli. Félagið gerði pöntun á fatnaði fyrir félagsmenn í lok nóvember, stefnt er að annarri pöntun fyrir sumarið en félagið verslar fót frá Macron. Einnig erum við með húfur, vettlinga, buff og kraga merkt félaginu ásamt vatnsbrúsum.

Æfingagjöld eru innheimt þrisvar á ári eftir annarskiptingum en við skiptum árinu upp í vor-, sumar- og haustönn og eru æfingagjöld greidd fyrir hverja önn. Þetta fyrirkomulag hefur verið síðan 2016 og hefur tekist mjög vel til. Fullt æfingagjald er greitt fyrir fyrstu tvö börnin og fá systkini eftir það 50% afslátt. Þá er vert að minnast á frístundastyrk sem foreldrar barna í Langnesbyggð geta sótt um. Áfram er starf UMFL tengt skóladagatali grunnskólans. Með þessu fyrirkomulagi er gott fyrir foreldra að vita hvenær er frí frá æfingum.

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. febrúar 2023 og urðu stjórnarskipti þar. Valgerður Sæmundsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Lára Björk Sigurðardóttir gengu úr stjórn og Hulda Kristín Baldursdóttir, Karen Konráðsdóttir og Hanna Margrét Úlfisdóttir komu inn. Úlfhildur Ída Helgadóttir og María Valgerður Jónsdóttir sátu áfram. Eftirfarandi lagaþreyingar voru lagðar fram og samþykktar "Aðalstjórn UMFL skal kosin á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn: Formaður, ritari, gjaldkeri auk tveggja meðstjórnenda. Stjórnarskiptum milli ára skal haga svo að á víxl séu kosnir inn þrír aðalmenn eitt árið og tveir árið eftir. Aðalmönnum stjórnar er frjálst að bjóða sig fram til áframhaldandi setu til tveggja ára. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi." Á fyrsta fundi stjórnar skipti stjórn með sér eftirfarandi verkum: Formaður Hulda Kristín Baldursdóttir, Gjaldkeri Úlfhildur Ída Helgadóttir, Ritari Hanna Margrét Úlfisdóttir.

Elsta hópnum í leikskólanum stóð og stendur til boða að mæta á æfingar í leikjaskólanum okkar og hafa nokkur börn nýtt sér það. Einnig mun sá hópur fá að mæta á sumar æfingarnar okkar. Við teljum að þetta sé góð leið til að hrista hópinn saman áður en þessi yngstu byrja í 1. bekk að hausti. Við erum búin að vera í samskiptum við Einherja og langar okkur að efla samstarf okkar á milli. Við erum að stefna að dagsmóti í fótþolta og blaki fyrir iðkendur beggja félaga sem haldið yrði hér á Þórshöfn í mars. Að lokum viljum við þakka öllum okkar styrktaraðilum sem styrkja okkur árlega og þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa styrkt okkur í einstaka verkefnum á árinu. Einnig viljum við þakka iðkendum okkar fyrir árið og foreldrum þeirra sem eru ekki síður mikilvægir því ef ekki væru foreldrar þá væru engir iðkendur.

Stjórn UMFL

Skotfélag Þórshafnar og nágrennis, Ungmennafélagið Geisli og Ungmennafélagið Leifur heppni skiluðu ekki starfs- skýrslum vegna ársins 2023.

Heiðranir UMFÍ, ÍSÍ og HSB

Starfsmerki UMFÍ

Starfsmerki UMFÍ	Ártal
Birgir Mikaelsson	2023
Jónas Egilsson	2022
María Sigurðardóttir	2021
Guðrún Kristinsdóttir	2018
Kristján I Jóhannesson	2017
Arngeir Friðriksson	2016
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Jón Þórir Óskarsson	2015
Magnús Þorvaldsson	2015
Freydís Anna Arngrímsdóttir	2014
Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir	2014
Björn Ingólfsson	2013
Birna Björnsdóttir	2012
Þóra Friður Björnsdóttir	2011
Linda M. Baldursdóttir	2010
Hermann Aðalsteinsson	2010
Sölvi Steinn Alfreðsson	2009

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Haraldur Bóasson	2008
Arnór Benónýsson	2006
Baldur Daníelsson	2006
Anna S. Mikaelisdóttir	2005
Pétur Yngvason	2000
Sigurður V. Sigmundsson	1992
Halla Loftsdóttir	1988
Völundur Hermóðsson	1988
Guðni Halldórsson	1987
Kristján Yngvason	1987
Freyr Bjarnason	1984
Svanhildur Hermannsdóttir	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Þormóður Jónsson	1977
Vilhjálmur Pálsson	1977
Arngrímur Geirsson	1976
Arnaldur Mar Bjarnason	1975
Eysteinn Hallgrímsson	1973
Gunnlaugur Tr. Gunnarsson	1973
Þórður Jónsson	1973
Óskar Ágústsson	1971
Stefán Kristjánsson	1971

Gullmerki HSB

Gullmerki HSB	Ártal
Björn Ingólfsson	2023
Heimir Ásgeirsson	2023
Marínó Eggertsson	2022
Jón Friðrik Benónýsson	2021
Jón Þórir Óskarsson	2021
Kristján I. Jóhannesson	2021
Sölvi Alfreðsson	2021

Heiðursfélagi UMFÍ

Heiðursfélagi UMFÍ	Ártal
--------------------	-------

Kristján Yngvason

2021

Gullmerki UMFÍ

Gullmerki UMFÍ	Ártal
Gunnhildur Hinriksdóttir	2021
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2021
Sigurbjörn Árni Arngrímsson	2021
Sigfús Haraldur Bóasson	2014
Anna Sigrún Mikaelisdóttir	2014

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Arnór Benónýsson	2006
Kristján Yngvason	1997
Óskar Ágústsson	1976

Ungmennasamband Norður-Þingeyinga

Aðalbjörn Gunnlaugsson	1986
Brynjar Halldórsson	1975

Heiðursorða ÍSÍ

Heiðursorða ÍSÍ	Ártal
-----------------	-------

Óskar Ágústsson

1970

Gullmerki ÍSÍ

Gullmerki ÍSÍ	Ártal
Hermann Aðalsteinsson	2021
Guðrún Kristinsdóttir	2021
Jón Fr. Benónýsson	2019
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Anna Rúna Mikaelisdóttir	2010
Arnór Benónýsson	2010

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Halldór Bjarnason	1997
Magnús Þorvaldsson	1997
Vilhjálmur Pálsson	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Jónas Geir Jónsson	1977
Gunnlaugur Jónsson	1974
Þormóður Jónsson	1974
Þórður Jónsson	1974
Sigurður P. Björnsson	án árs
Óskar Ágústsson	1964

Silfurmerki ÍSÍ

Silfurmerki ÍSÍ	Ártal
Ragnar Emilsson	2022
Kristján Stefánsson	2019
Kolbrún Ívarsdóttir	2018
Baldvin Kristinn Baldvinsson	2018
Birna Davíðsdóttir	2017
Helen Jónsdóttir	2017
Elísabet Sigurðardóttir	2016
Hulda Skarphéðinsdóttir	2016
Torfhildur G. Sigurðardóttir	2015
Ágústa Pálsdóttir	2014
Friðrika Björk Illugadóttir	2013
Stefán Jónasson	2012

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Anna Sigrún Mikaelisdóttir	1997
Hanna Stefánsdóttir	1997
Ingólfur Freysson	1997
Jóna Matthíasdóttir	1997
Ævar Ákason	1997

Silfurmerki HSB

Silfurmerki HSB	Ártal
Jónas Egilsson	2023
Gunnólfur Sveinsson	2022
Gylfi Sigurðsson	2022
Valgerður Sæmundsdóttir	2022
Þorsteinn Ægir Egilsson	2022
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2021
Hermann Aðalsteinsson	2021
Elísabet Sigurðardóttir	2021
Stefán Jónasson	2021

Íþróttamaður HSP

Héraðssamband Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2022	Heiðís Edda Lúðvíksdóttir	Völsungur
2021	Tamara Kaposi-Peto	Völsungur
2020	Erla Rós Ólafsdóttir	UMFL
2019	Harpa Ásgeirsdóttir	Völsungur
2018	Þórarinn Ragnarsson	Snæfaxi
2017	Eyþór Kári Ingólfsson	Einingin
2016	Thelma Dögg Tómasdóttir	Grani
2015	Jóhannes Friðrik Tómasson	Efling
2014	Kristbjörn Óskarsson	Völsungur
2013	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2012	Signý Stefánsdóttir	Mývetningur
2011	Hafðís Sigurðardóttir	Bjarmi
2010	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2009	Bjarni Þór Gunnarsson	Mývetningur
2008	Hafðís Sigurðardóttir	Bjarmi

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2007	Hafðís Sigurðardóttir	Bjarmi
2006	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2005	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2004	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2003	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2002	Pálmi Rafn Pálmason	Völsungur
2001	Hildigunnur Káradóttir	Mývetningur
2000	Inga Gerða Pétursdóttir	Mývetningur
1999	Sigurbjörg Hjartardóttir	Völsungur
1998	Arngeir Friðriksson	Efling
1997	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1996	Arngeir Friðriksson	Efling
1995	Valgerður Jónsdóttir	Efling
1994	Gunnhildur Hinriksdóttir	Eilífur
1993	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1992	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1991	Margrét Hermannsdóttir	Magni
1990	Unnar Vilhjálmsson	Efling
1989	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1988	Jónas Óskarsson	Völsungur
1987	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1986	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1985	Sólveig Árnadóttir	Efling
1984	Kristján Hjálmarsson	Völsungur
1983	Eyþór Pétursson	Mývetningur
1982	Stefán Geir Jónsson	Völsungur
1981	Vignir Valtýsson	Bjarmi
1980	Ragna Erlingsdóttir	Bjarmi
1979	Björn Olgeirsson	Völsungur
1978	Bergþóra Benónýsdóttir	Efling
1977	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1976	Ingi Yngvason	Mývetningur
1975	Ingi Yngvason	Mývetningur

Íþróttamenn ársins 2023

Bocciamaður HSB

Hildur Sigurgeirsdóttir, Völsungi

Hildur valin til að fara fyrir hönd Íslands á Special Olympics World games í Berlín í sumar. Hildur stóð sig einstaklega vel og vann bronsverðlaun í einstaklingskeppni í sínum riðli. Hildur fékk einnig bronsverðlaun í tvíliðakeppni í sínum styrkleika með liðsfélaga sínum Birgi sem er frábær árangur hjá þeim. Hildur stundar sína íþrótt vel og missir aldrei af æfingu. Hún er með mikinn leikskilning, klók og finnst ekkert skemmtilegra en að loka á andstæðinginn.



Blakmaður HSB

Sigrún Marta Jónsdóttir, Völsungi

Sigrún Marta hefur verið öflugur leikmaður blakdeildar Völsungs í mörg ár og ávallt skilað sínu hlutverki með sóma. Hún er góður liðsmaður, leiðtogi í hóp og hefur oft þurft að leysa fleiri en eina stöðu á vellinum fyrir liðið. Þá hefur hún samhliða blakinu æft og spilað með meistaraflakki kvenna í knattspyrnu við góðan orðstýr. Blakferillinn hefur verið á góðri uppleið frá því hún hóf að spila með meistaraflakki og var hún valin til að spila með A-landsliði Íslands á Evrópumóti smáþjóða í júní þar sem hún stóð sig mjög vel eins og liðið allt og stóðu þær uppi sem sigurvegarar á mótinu í fyrsta skipti. Þá var Sigrún einnig í U19 liði Íslands sem endaði í 5. sæti á NEVCA mótinu í haust. Sigrún spilar jafnan stöðu frelsingja sem er sérhæfð varnarstaða og því ekki oft áberandi þegar skoðuð er tölfræði leikmanna. Hins vegar er þessi staða ein sú allra mikilvægasta á vellinum þegar komið er á hæsta getustig íþróttarinnar. Þess má geta að Sigrún hefur séð sér fært að aðstoða við þjálfun yngri flokka og gefið þannig af sér til félagsins.



Frjalsíþróttamaður HSB

Ruth Ragnarsdóttir, Völsungi

Ruth átti sitt besta hlaupaár hingað til á árinu 2023. Hún fór víða um land og keppti bæði utanvega og í götuhlaupum. Hún endaði alltaf ofarlega á meðal keppenda. Þannig hafnaði hún í 9. sæti í 26 km Hengil Ultra, 2. sæti í 10 km hlaupi í Mývatnsmaraþoni, 7. sæti í 24 km Dyrfjallahlaupi og 5. sæti í 18 km Súkur Vertical. Þá keppti hún í hálfmaraþoninu í Kaupmannahöfn um haustið og náði góðum tíma þrátt fyrir mikinn hita. Ruth er afar samviskusöm í æfingum og stundar crossfit og hjólræiðar meðfram hlaupunum.

Helsti árangur:

- Dyrfjallahlaup 23,4 km – 7. sæti kvk á 2:52
- Súkur Vertical 19 km – 5. sæti kvk á 1:44
- Hengill Ultra 26 km – 9. Sæti kvk á 2:24
- Mývatnsmaraþon 10 km – 2. sæti overall á 45:31
- Botnsvatnshlaup Landsbankans 8,3 km – 2.sæti kvk á 35:50



Knattspyrnumaður HSB

Hildur Anna Brynjarsdóttir, Völsungi

Hildur Anna spilaði 20 af 22 leikjum Völsungs í deild og bikar í sumar. Hildur er uppallinn Völsungur sem snemma byrjaði að spila fyrir meistaraflakki kvenna og þrátt fyrir að vera aðeins á 21.aldursári á hún að baki 77 keppnisleiki í deild og bikar. Leikur Hildur hefur verið stígandi yfir þann tíma og á hún þó enn inni enda hæfileikabúnt með boltann. Hildur átti stóran þátt í Lengjubikarstitli meistaraflakks kvenna sem Völsungur vann í fyrsta skipti árið 2023. Hún jafnaði metin í úrslitaleiknum og skoraði einnig í fyrstu spyrnu vítaspyrnukeppinnar og lagði þar grunninn að sigri. Hildur er sannarlega frábær fyrirmynd yngri iðkenda Völsungs og er alltaf að bæta sig enn frekar.



Skákmaður HSP

Smári Sigurðsson, Skáklfélagið Goðinn

Smári náði afar góðum árangri við skákborðið á árinu 2023. Hann vann fimm titla hjá Goðanum á árinu. Smári vann sigur á Maíhraðskákmóttinu, Septemberskákmóttinu, Nóvembermóttinu, Jólamóttinu og vann síðan hið árlega Hraðskákmót Goðans í 8. skiptið. Smári tók þátt í Reykjavík Open í mars og náði þar finum árangri. Smári tefldi á 2. borði með A-sveit Goðans sem vann sig upp í 3. deild í mars 2023.



Skotíþróttamaður HSP

Kristján Ragnar Arnarson, Skotíþróttafélag Norðurlands

Kristján hefur um langt skeið sýnt það og sannað að hann er einn af bestu riffilskyttum landsins í sínum skotgreinum og margfaldur Íslandsmeistari. Þátttakandi á fjölmörgum skotmótum á landinu þetta árið með frábærum árangri og þátttaka á heimsmeistaramóttinu í Tékklandi 2023 undirstrikar metnað hans og framsýni. Staða Kristjáns á heimslista WRABFS (World Rimfire and Air rifle Benchrest Federation) ber þess glögg merki að metnaður er lagður í allt sem hann tekur sér fyrir hendur en þar er hann í 28 sæti í 3 gun. (samanlagður árangur í þrem þyngdarflokjum riffila). Helsti árangur:

- 1. sæti Sporter - Íslandsmeistaramót 11. júní
- 1. sæti Light Varmint - Íslandsmeistaramót 11. júní
- 3. sæti breyttir riffilar - Páskamót varmint for score 8. apríl
- 1. sæti Heavy Varmint - Vormót 50BR 31. maí
- 1. sæti Sporter - Vormót 50BR 31. maí 7. júlí
- 1. sæti Sporter - Sumarmót 50BR 7. júlí
- 2. sæti Heavy Varmint - Sumarmót 50BR 12. ágúst
- 1. sæti Sporter Akureyrarmót 50BR 12. ágúst
- 3. sæti breyttir riffila - VFS (Varmint for score) 30. desember



Lög Héraðssambands Þingeyinga

I. Kafi. Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Héraðssamband Þingeyinga, skammstafað HSP. Lögheimili þess og varnarþing er þar sem skrifstofa sambandsins er staðsett hverju sinni. Sambandssvæðið nær yfir sveitarfélögin frá Langanesbyggð í austri til Grýtubakka-hrepps í vestri.

2. grein

Tilgangur sambandsins er að efla samhug og samvinnu æskulýðsins í Þingeyjarsýslum, stuðla að fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálafarfi aðildarfélaganna og vera málsvári félaganna út á við. HSP skal starfa samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk HSP er:

- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarféлага og halda utan um staðfest lög félaga og skili yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarféлага í lok hvers árs.
- Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- Að fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.

3. grein

HSP er stjórnað af:

- Árþingi HSP
- Stjórn HSP

Reikningsár er almanaksárið.

II. Kafi. Um Árþing

4. grein

Árþing HSP fer með æðsta vald í málum sambandsins. Árþing skal haldið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til þess með minnst eins mánaðar fyrirvara. Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum skulu hafa borist stjórn HSP eigi síðar en þremur vikum fyrir árþing. Dagskrá, reikninga, fjárhagsáætlun, tillögur sem borist hafa ásamt tillögum sem stjórn hyggst leggja fyrir þingið skulu kynntar aðildarfélagunum með síðara þingboði í síðasta lagi viku fyrir árþing.

Boðun þings og framlagning gagna fyrir og á árþingi má vera á rafrænu formi, verði því við komið.

5. grein

Hvert aðildarfélag á rétt á að senda að lágmarki 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa á árþing HSP. Fulltrúafjöldi hvers

aðildarfélags miðast við fjölda lögráða félagsmanna (18 ára og eldri) eftir félagatali í starfsskýrslum síðastliðins starfsárs til ÍSÍ/UMFÍ og samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjöldi félaga 18 ára og eldri	Fjöldi þingfulltrúa
0-75	1
76-150	2
151-300	3
301-600	4
601-900	5
901- og yfir	6

Fyrir iðkendur 17 ára og yngri verði til viðbótar fulltrúar sem hér segir:

20-100	1
101-300	2
301 og fleiri	3

Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Kjörgengi og kosningarétt til árþings HSP hafa allir lögráða félagsmenn.

6. grein

Lögmætt er árþing ef löglega er til þess boðað. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi/ráði. Eigi má fulltrúi á árþingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málafrelsi og tillögurétt á árþingi, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.

7. grein

Árþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kys 5 einstaklinga í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en tveir meðstjórnendur annað hvert ár til tveggja ára. Einnig skal kjósa tvo varamenn til tveggja ára, einn annað hvert ár. Varamenn taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra.

Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til eins árs í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema árþing ákveði annað.

8. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingi og verði atkvæði jöfn er málið fallið. Ef tveir eða fleiri hljóta jafn mörg atkvæði til að ná kosningu skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

Lögum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

9. grein

Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá á árþingi:

- Þingið sett
- Starfsmenn þingsins kosnir
 - Forsetar
 - Ritarar
- Kjörbréfanefnd kosin

4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Reikningar bornir undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið
10. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf
 - a) Allsherjarnefnd
 - b) Íþróttanefnd
 - c) Fjárhagsnefnd
 - d) Laganefnd
11. Afgreiðsla mála
12. Kosningar
 - a) Formaður
 - b) Aðalmenn í stjórn
 - c) Varamenn í stjórn
 - d) Skoðunarmenn reikninga
 - e) Fulltrúi á íþróttapiðing ÍSÍ
13. Önnur mál
14. Þingslit

10. grein

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess, stjórn HSP eða eftir ákvörðun ársþings. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

III. Kafli. Um stjórn

11. grein

Stjórn HSP skipa formaður, fjórir aðalmenn og tveir varamenn kjörnir á ársþingi skv. 7. grein. Á fyrsta fundi sínum skal stjórn skipta með sér verkum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum ársþinga og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju ársþingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári, leggur fram endurskoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.

12. grein

Stjórn sambandsins skal halda stjórnarfundum eins oft og þurfa þykir. Skal boða bæði stjórn og varastjórn. Einstaklingar í varastjórn hafa málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt, nema ef forföll verða í aðalstjórn og þá í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

13. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn. Einnig er stjórninni heimilt að ráða starfsmann á launum til sambandsins um lengri eða skemmri tíma og semja við hann um kaup og kjör. Skyld er stjórninni að gera skriflegan samning í hvert sinn sem slík ráðning fer fram.

14. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að skipa í nefndir sem sinna ákveðnum skilgreindum verkefnum innan sambandsins. Stjórn setur reglur um starf nefnda.

15. grein

Heimilt er að kjósa heiðursfélaga HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem ársþing staðfestir.

IV. Kafli. Um aðildarfélag

16. grein

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

17. grein

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn HSP skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stofnfundargerð, stjórnskipan og félagatal. Auglýsa skal stofnfund hins nýja félags á sannanlegan hátt með a.m.k. viku fyrirvara. Inntaka félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ og/eða UMFÍ á lögum viðkomandi félags.

Félag sem skráð hefur verið úr sambandinu getur óskað eftir aðild að HSP að nýju. Er þá félagið undanskilið kröfu um skýrslu um stofndag og ár en skila þarf fundargerð þar sem aðildarumsókn til HSP er tekin fyrir og samþykkt.

18. grein

Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmaet að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjármunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

19. grein

Hvert aðildarfélag skal halda aðalfund, leggja fram skýrslur og ársreikninga og bera upp við félagsmenn sína eins og lög þess gera ráð fyrir og staðfest hafa verið af HSP, ÍSÍ og/eða UMFÍ. Senda skal aðalfundarboð aðildarfélagum til skrifstofu HSP. Fundargerðir aðalfunda ásamt ársreikningum félags skal senda stjórn HSP eigi síðar en tveimur vikum eftir að aðalfundur hefur farið fram.

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma ber stjórn HSP, sé þess óskað, að aðstoða við boðun og framkvæmd aðalfundarins. Í því skyni skal HSP hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum aðildarfélagum/sér ráða

sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn HSP tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Stjórnir aðildarfélaga/sérráða geta krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda og skal kostnaður við það greiddur af aðildarfélaginu.

20. grein

Fyrir 1. febrúar skulu aðildarfélög HSP skila skriflegri ársskýrslu til HSP, sem birtist í ársskýrslu HSP. Þar skal tilgreina aðalstjórn og stjórnir deilda og nefnda ef við á ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið. Aðildarfélög HSP skulu skila starfskýrslum með félaga- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum í gegnum félagakerfi íþróttahreyfingarinnar fyrir 15. apríl ár hvert.

Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldtagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár.

21. grein

Hvert það aðildarfélag sem ekki hefur haldið aðalfund, sent skýrslur og ársreikninga eða greitt árgjöld í samræmi við 19. og 20. grein, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi HSP. Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum skal ársþing HSP víkja félaginu úr sambandinu. Víki ársþing HSP félagi úr sambandinu er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sersambands/sersambanda.

V. Kafli. Um sérráð

22. grein

Sérráð er samband þeirra félaga og félagsdeilda innan HSP sem hafa iðkun sömu íþróttar á stefnuskrá sinni. Það fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan héraðsins. Um önnur mál er sérráð háð HSP.

Þar sem tvö eða fleiri aðildarfélög hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni má HSP stofna sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð og ákveður hvaða ráð skuli starfa milli þinga. Þó skal stjórn HSP einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Aðildarfélög geta óskað eftir því við stjórn HSP að sérráð sé skipað.

HSP skal setja starfsreglur um sérráð sem kynna þarf sersambandi í viðkomandi íþróttagrein. Ársþing staðfestir starfsreglur sérráða, en stjórn HSP getur sett starfsreglur sérráða til bráðabirgða fram að næsta ársþingi.

23. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarfélaga eða deilda innan aðildarfélaga sem sinna viðkomandi íþróttagrein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn HSP staðfestir skipan formanna sérráða.

24. grein

Hlutverk sérráða almennt er að annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum innan héraðs. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn þær. Að öðru leiti er vísað til

starfsreglna hvers sérráðs.

Sérráð skulu skila ársskýrslum og reikningum til stjórnar HSP fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSP.

VI. Kafli. Önnur ákvæði

25. grein

Ákvörðun um slit sambandsins skal taka á löglega boðuðu ársþingi. Komi slík tillaga fram skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Samþykki 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa tillöguna skoðast hún samþykkt og skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukabings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

26. grein

Komi til sambandsslita HSP skulu allar eignir þess renna í einn sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í peningastofnun á sambandssvæðinu. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði HSP.

Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og HSP á sambandssvæðinu skulu eignir HSP renna til þess.

27. grein

Lög þessi öðlast gildi eftir samþykkt þeirra og falla þá eldri lög úr gildi.

Breytingar samþykktar á ársþingi HSP haldið á Grenivík þann 26. febrúar 2023.

Verkefna- og styrktarsjóður HSP

1. Sjóðurinn heitir Verkefna- og styrktarsjóður HSP og var stofnaður á ársþingi HSP 2021 með stofnframlagi þáverandi innistæða Afreksmanna-, Aksturs- og Fræðslusjóðs HSP.
2. Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla íþrótt- og félagsstarf á sambandssvæði Héraðssambands Þingeyinga.
3. Stjórn sjóðsins er skipuð formanni, gjaldkera og ritara HSP. Hlutverk hennar er að gera tillögu að úthlutun fjár úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.
4. Tekjur sjóðsins eru:
 - a. Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum samkvæmt reglugerð um skiptingu á lottótekjum sambandsins.
 - b. Frjáls framlög og söfnunarfé.
5. Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi:
 - a. Verkefni sem styðja afreksíþróttafólk í að sækja sér þjálfun eða taka þátt í mótum sem eru viðbót við reglubundna þjálfun eða keppni.
 - b. Þátttöku þjálfara, starfsfólks og stjórna í námskeiðum, ráðstefnum eða fundum sem er íþróttalífi og félagsstarfi í héraði til bóta.
 - c. Námskeiðahaldi aðildarfélaga og sérráða fyrir iðkendur, þjálfara, dómara eða sjálfboðaliða. Skilyrði er að opið sé fyrir þátttöku frá öllum aðildarfélögum HSP.
 - d. Aksturskostnað vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, í skipulögðum íþróttæfingum á vegum aðildarfélaga HSP.
 - e. Nýjungar og sérstök verkefni.

Stjórn sjóðsins skal setja sér vinnureglur vegna úthlutunar styrkja og ákveður styrkuppghæðir hverju sinni, þ.m.t. hámarksuppghæðir til einstaklinga/hópa og fjölda styrkja til sama einstaklings/hóps/verkefnis innan sama árs.
6. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og skulu umsóknir berast fyrir 15. maí vegna fyrri úthlutunar og fyrir 15. nóvember vegna seinni úthlutunar. Heimilt er að veita úr sjóðnum við fyrri úthlutun 50% af því fé sem í honum er ásamt 50% af tekjuafgangi síðasta árs og við síðari úthlutun því fjármagni sem eftir er í sjóðnum. Styrkuppghæðir fara eftir fjármagnsgetu sjóðsins.
7. Eingöngu félagsmenn aðildarfélaga HSP geta sótt um styrk úr sjóðnum, sérráð og stjórnir aðildarfélaga HSP. Sjóðurinn styrkir eingöngu þá sem iðka/þjálfar íþrótt sína og/eða keppa og starfa undir merkjum HSP og aðildarfélaga þess.
8. Umsóknum skal skilað til skrifstofu HSP á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur m.a.: Nafn félags; nafn umsækjanda/ábyrgðarmanns, símanúmer, netfang og reikningsupplýsingar; heiti verkefnis og lýsing á verkefninu sem sótt er um; fjármögnun og aðrir sjóðir sem sótt er í; fyrirhuguð ráðstöfun styrks og upphæð sem sótt er um ásamt fylgiskjöllum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði s.s. leita umsagnar annarra aðila og krefjast staðfestingar á verkefninu t.d. með afritum af reikningum og kvittunum.
9. Styrkþegar skulu skila stuttri greinargerð um framgang verkefnisins að því loknu.
10. Sjóðsstjórn forgangsraðar umsóknum og metur hverja til samþykktar eða synjunar og skal á hverju ársþingi HSP gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum. Sjóðsstjórn ber ekki að rökstyðja tillögur sínar.
11. Reglugerð þessi tekur gildi þegar ársþing HSP hefur samþykkt hana.

Breytingar samþykktar á ársþingi HSP haldið á Grenivík þann 26. febrúar 2023.

